



Reykjavík, 1. desember 2025
VEL25080055

Borgarráð

Drög að samstarfssamningi mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar

Á fundi velferðarráðs þann 1. október 2025 var samþykkt tillaga um að veita sviðsstjóra velferðarsviðs heimild til að ganga til samninga við mennta- og barnamálaráðuneytið um faglega forustu PMTO miðstöðvar á Íslandi næstu tvö árin.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Foreldrafærni eða PMTO (e. Parent Management Training – Oregon) á sér 25 ára sögu hér á landi en um er að ræða gagnreynt úrræði fyrir uppalendur til að stuðla að bættri líðan barna. Á sjötta þúsund fjölskyldna hafa fengið stuðning og þjónustu fram að þessu í níu sveitarfélögum í dag þar á meðal Reykjavík. Úrræðið er líka hluti af meðferðarmenntun fagfólks en 17 aðilar sem stunda nám í dag, munu útskrifast á næsta ári en yfir 90 hafa fengið þessi réttindi og nær helmingur þeirra veita þjónustuna sem meðferðarinnigrip og forvörn í sveitarfélögunum í dag. Reykjavíkurborg setti sjálf á laggirnar árið 2020 eigin þjónustumiðstöð í samstarfi við höfuðstöðvar PMTO í Oregon í Bandaríkjunum til styðja við verkefnið Betri borg fyrir börn. Velferðarráð vill tryggja áframhaldandi þjónustu við viðkvæman hóp barna. Ráðið telur brýnt að tryggja áfram órofna þjónustu við viðkvæman hóp barna, og veita sviðsstjóra heimild til að ganga til samninga við ríkið með því skilyrði að fjárhæðin svari raunkostnaði reksturs verkefnisins.

Samkvæmt fyrirliggjandi drögum að samstarfssamningi mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar á Íslandi er fjárframlag ráðuneytisins til verkefnisins kr. 53.000.000. Gildistími samningsins er frá undirritunardegi til ársloka 2027 og er framlaginu ætlað að dreifast jafnt yfir tveggja ára gildistíma samningsins.

Samningsdrögin eru hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar hlutist til um samskipti við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna undirritunar samningsins.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir

sviðsstjóri velferðarsviðs



Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar, dags. 25. nóvember 2025.

Tillaga sviðsstjóra um umboð til að ganga til samninga við mennta- og barnamálaráðuneytið vegna PMTO miðstöðvar, lögð fram á fundi velferðarráðs 1. október 2025.

Bréf fagraðs PMTO á Íslandi, dags. 7. júlí 2025.

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar, dags. 18. janúar 2024.

Kynning á PMTO miðstöðinni á Íslandi, dags. júní 2025.

Yfirlýsing Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um vilja til áframhaldandi samstarfs vegna PMTO miðstöðvar á Íslandi, dags. 3. júlí 2025.

Lýsing á rannsókn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands - MAT Á FÝSILEIKA OG AÐLÖGUN GAGNREYNDRAR FORELDRAFÆRNIMEDFERÐAR Í HÓPI (PMTO) FYRIR SKÓLAFORÐUN MEÐAL BARNA

Lýsing á rannsókn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands - SAMÞÆTTING SMT-SKÓLAFÆRNI OG KENNSLU Í FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNI: MAT Á FÝSILEIKA OG AÐLÖGUN MEÐ DAM AÐFERÐ

Samantekt með gagnlegum upplýsingum um PMTO á Íslandi 2000-2025

SVÓT greining – samstarf við sveitarfélögin um PMTO

SMT/PBS: Tölulegar upplýsingar 2025



Reykjavík

Samstarfssamningur

mennta- og barnamálaráðuneytisins

og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt „ráðuneytið“, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, í þessum samningi nefnd „samstarfsaðili“, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- 1.1. Meginmarkmið þessa samnings er starfræksla PMTO miðstöðvar fyrir allt landið, sem samstarfsaðili leiðir. Vinna skal að því á samningstíma að finna miðstöðinni stað til framtíðar.
- 1.2. Verkefnið felst m.a. í:
 - a. Samstarfi meðal sveitarfélaga um útfærslu PMTO miðstöðvar til að tryggja nýtingu þeirrar sérþekkingar sem þegar er til staðar á Íslandi, m.a. með handleiðslu, þjálfun og gæðaeftirliti, svo mögulegt sé að samþætta vinnu allra sveitarfélaga á Íslandi sem innleiða PMTO þjónustu.
 - b. Viðbótum á samningi Reykjavíkurborgar og Oregon (ISII) um leyfi sem nær til alls landsins.
 - c. Að starfshópur um verkefnið haldi áfram störfum. Markmið starfshópsins verður að fylgjast með framvindu PMTO úrræðisins á landsvísu, stuðla að góðri PMTO þjónustu fyrir sem flesta og finna PMTO miðstöðinni varanlegan stuðning og staðsetningu.
- 1.3. Með þessum samningi skuldbinda samningsaðilar sig til að taka þátt í verkefni samnings þessa og finni miðstöðinni stað til framtíðar.
- 1.4. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er framkvæmdaraðili samningsins fyrir hönd samstarfsaðila.

2. Framlag og skyldur aðila samningsins

- 2.1. Framlag ráðuneytisins til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er fjárframlag að upphæð kr. 53.000.000. Framlaginu er ætlað að dreifast jafnt yfir tveggja ára gildistíma samnings þessa. Fjárframlag ráðuneytisins verður greitt með tveimur greiðslum inn á bankareikning viðskiptabanka samstarfsaðila. Sú fyrri eftir undirritun samstarfssamnings þessa og seinni í janúar 2027.
- 2.2. Fjárframlag ráðuneytisins kemur frá málaflokki 29.4, af fjárlagalið 02-999-121.
- 2.3. Fjárframlag ráðuneytisins á samningstímanum er háð þeim fyrirvara að fjárheimildir verði fyrir hendi í fjárlögum þeirra ára sem samningur þessi tekur til. Stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á samstarfsaðili ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.4. Framlag samstarfsaðila til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er framkvæmd og utanumhald verkefnis samnings þessa og vinnuframlag starfsmanna. Samstarfsaðili ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samnings þessa.
- 2.5. Aðilar samningsins skulu funda reglulega yfir samningstímann, a.m.k. þrisvar sinnum, þar sem farið verður yfir framvindu verkefnisins. Tengiliður ráðuneytisins mun hafa umsjón með boðun og utanumhaldi funda.
- 2.6. Samstarfsaðili skal veita ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess, eins fljótt og auðið er.
- 2.7. Þá skilar samstarfsaðili ráðuneytinu skýrslu um árangur af verkefninu við lok samningstíma.

- 2.8. Tengiliður samstarfsins í mennta- og barnamálaráðuneytinu er Linda Hrönn Ingadóttir,, sérfræðingur, og tengiliður samstarfsaðila er Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri.

3. Vanefndir

- 3.1. Aðilar samningsins skulu tilkynna hvor öðrum tafarlaust ef þeir telja vafa leika á um að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greina aðilar frá úrræðum sem þeir hyggjast grípa til.
- 3.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva framlag til verkefnisins uppfylli samstarfsaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Þá er ráðuneytinu í slíkum aðstæðum jafnframt heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.3. Samningsaðilum er heimilt að rifta samningi þessum efni gagnaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Í slíkum tilvikum er ráðuneytinu heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 3.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

4. Gildistími og uppsögn

- 4.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2027.
- 4.2. Samningur þessi er háður samþykki borgarráðs.
- 4.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með eins mánaða fyrirvara. Óski samstarfsaðili eftir því að segja samningnum upp skal samstarfsaðili endurgreiða ráðuneytinu framlagið í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af samningstíma.
- 4.4. Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á verkefnið samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald verkefnisins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

Reykjavík, 25. nóvember 2025

[nafn]

f.h. mennta- og barnamálaráðuneytis

[nafn]

f.h. Reykjavíkurborgar



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samningsumboð vegna PMTO

Lagt er til að sviðsstjóra velferðarsviðs verði veitt heimild til að ganga til samninga við mennta- og barnamálaráðuneytið um faglega forystu PMTO miðstöðvar á Íslandi næstu tvö árin.

Greinargerð:

Í bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 7. júlí sl. var innt eftir möguleika þess að Reykjavíkurborg framlengi samning við mennta- og barnamálaráðuneytið og starfræki PMTO miðstöð fyrir allt landið tímabundið frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2027.

Reykjavíkurborg setti á fót sína eigin PMTO miðstöð árið 2020 til að sinna þjónustunni innan Reykjavíkur. Barna- og fjölskyldustofa sinnti stuðningi við önnur sveitarfélög sem veita þjónustuna en þegar þeim stuðningi var hætt í árslok 2023 fór mennta- og barnamálaráðuneytið þess á leit við Reykjavíkurborg að sinna hlutverki PMTO miðstöðvar fyrir allt landið tímabilið frá janúar 2024 til ársloka 2025. Samningur þess efnis var undirritaður 18. janúar 2024 og veitti ráðuneytið 53 m.kr. fjárframlag til verkefnisins sem var ætlað að dreifast jafnt yfir samningstímann.

Sú fjárhæð sem veitt var til verkefnisins á samningstímabilinu, eða 26,5 m.kr. á ári, er þó ekki fullnægjandi að mati velferðarsviðs en hún dugar aðeins til lágmarksframkvæmda. Mikilvægt er að tryggja fjárhagslegan stuðning verkefnisins svo hægt sé að sinna áfram þjónustunni og varðveita þá faglegu þekkingu og reynslu sem byggst hefur upp hérlandis en innleiðing PMTO úrræðisins á sér um 25 ára sögu hér á landi.

Af hálfu velferðarsviðs er vilji til þess að framlengja ofangreindan samning við ráðuneytið svo fremi sem fjármagn sé tryggt með verkefninu.

Fylgiskjöl:

Bréf fagraðs PMTO til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 7. júlí 2025

Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins um starfsemi PMTO miðstöðvar 2024-2025, dags. 18. janúar 2024.

Kynning á PMTO miðstöðinni, júní 2025.





Yfirlýsing Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um vilja til áframhaldandi samstarfs við PMTO á Íslandi, dags. 3. júlí 2025.

Upplýsingar um skólaforðunarverkefni, dags. 8. nóvember 2024.

Upplýsingar um SMT og SEL verkefni, dags. 12. júní 2024.

Gagnlegar upplýsingar um PMTO

PMTO miðstöð hjá sveitarfélögum

Tölulegar upplýsingar um SMT-PBS 2025



Reykjavík

Hafnarfjarðarbær
b.t. Fanneyar Dóróthe Halldórsdóttur sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs
og Guðlaugar Óskar Gísladóttur sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 7. júlí 2025
2404038SA SH
Málalýkill: 02.30

Efni: Samningur sveitarfélaga við mennta- og barnamálaráðneytið um faglega forystu miðstöðvar PMTO¹ á Íslandi.

Fyrstu skref innleiðingar PMTO nálgunar/úrræðis voru tekin hér á landi fyrir um 25 árum síðan. Frá þeim tíma hefur sveitarfélögum fjölgað sem hafa tekið upp þessa nálgun og úrræði.

PMTO er gagnreynd nálgun sem uppfyllir há gæðaviðmið sem úrræði fyrir foreldra barna með aðlögunarvanda, sérstaklega hegðunarvanda. Úrræðið fær hæstu viðurkenningu hjá alþjóðlega gæðamatinu *Blueprints for Healthy Youth Development*. Auk þess gefur *The California Evidence-based Clearinghouse* PMTO hæstu einkunn sem vel rannsakað og árangursríkt úrræði, einnig innan barnaverndar. PMTO fellur mjög vel að lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og samræmist vel úrræðum og nálgunum starfsfólks á fræðslu- og velferðarsviðum sveitarfélaga. Úrræðið er þrískipt, allt eftir vanda barnsins og er bæði forvörn og meðferð fyrir foreldra barna með hegðunarvanda.

Eins og framan greinir þá hefur PMTO verið samofið rannsóknum frá upphafi. Rannsóknum hérlendis hefur verið stýrt frá Háskóla Íslands undanfarin sex ár og gerir samstarf miðstöðvarinnar við Háskólann það að verkum að hægt er að viðhalda gæðum úrræðisins og þróa það sífellt áfram. Nýlegar rannsóknir Háskóla Íslands sýna t.a.m. fram á að SPARE² er fýsilegur kostur til að stuðla að góðri aðlögun flóttafólks í nýju landi.

¹ Parent Management Training - Oregon aðferðin

² SPARE tekur tillit til fjölmennningar, menningarnæmis og áhrifa áfalla á foreldrafærni og er sérstaklega ætlað foreldrum og börnum á flótta.

Undanfarin ár hafa fulltrúar sveitarfélaga³, sem vinna með PMTO nálgun í starfi með börnum og fjölskyldum, kallað eftir stuðningi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu og ítrekað mikilvægi þess að ráðuneytið veiti miðstöð PMTO brautagengi og tryggi fjármagn til reksturs miðstöðvar hér á landi til framtíðar.

Mennta- og barnamálaráðuneytið fól Keðjunni á velferðarsviði Reykjavíkurborgar að starfrækja miðstöð PMTO fyrir allt landið tímabundið frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2025, sjá fylgiskjal 2.

Fyrir tilstilli samningsins hefur verið hægt að halda úti lágmarksstarfsemi í tengslum við mikilvægustu verkþætti miðstöðvarinnar og tryggja áframhaldandi þjónustu við fjölskyldur og skóla innan þeirra sveitarfélaga sem innleiða nálgunina.

Framangreind sveitarfélög stofnuðu fagráð sem var falið að vinna með tillögum að varanlegri staðsetningu miðstöðvar að liðnum samningstíma, þannig að þjónustan haldi áfram að vaxa í sveitarfélögum landsins í anda farsældarlaga. Tillögurnar voru kynntar á fundi með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytisins í júní sl.

Af þeim tillögum sem settar voru fram taldi ráðuneytið að miðstöð PMTO væri best fyrir komið hjá einu eða fleiri sveitarfélögum eins og staðan væri í dag. Ráðuneytið upplýsti að það myndir tryggja áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við miðstöðina eins og á núverandi samningatíma og yrði það gert með samningi við sveitarfélag/sveitarfélög.

Fagráðið, fyrir hönd sveitarfélaga, fagnar áframhaldandi stuðningi mennta- og barnamálaráðuneytisins við miðstöð PMTO á Íslandi og leitar nú til sveitarfélaga að hýsa miðstöðina og veita henni faglega forystu næstu tvö árin. Samhliða þessu stefnir Háskóli Íslands á að stofna rannsóknarstofu um frekari þróun og aðlögun PMTO sem verður hluti af samningi mennta- og barnamálaráðuneytisins við það sveitarfélag sem mun hýsa miðstöðina.

Fagráðið kynnti áframhaldandi stuðning mennta- og barnamálaráðuneytisins við miðstöðina á fund með fulltrúum sveitarfélga sem vinna með PMTO nálgunina. Fagráðið, í samvinnu við sveitarfélögin, meta það svo að miðstöðinni sé best fyrir komið hjá Reykjavíkurborg í samvinnu við Hafnarfjarðabæ eins og hefur verið síðustu tvö árin. Þessi sveitarfélög hafa faglegt umfang og umtalsverða reynslu til að vista miðstöð PMTO áfram.

³ Akraneskaupstað, Akureyrarbæ, Fjallabyggð, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Húnabyggð, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjanesbær og Reykjavíkurborg.

Þannig verður sem minnst röskun á starfsemi miðstöðvarinnar og tækifæri til áframhaldandi þróunar í samvinnu skóla/fræðslu- og velferðarsviða í þágu farsældar barna.

Fagráðið hefur leitað til Reykjavíkurborgar og farið þess á leit að kannað verði hvort Reykjavíkurborg sé viljug að framlengja samning við mennta- og barnamálaráðuneytið og starfrækja miðstöð PMTO fyrir allt landið tímabundið frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2027.

Með fyrirvara um samþykki Reykjavíkurborgar leitar fagráðið til Hafnarfjarðarbæjar og fer þess á leit að kannað verði hvort Hafnarfjarðarbær sé áframhaldandi viljugur að hýsa og standa vörð um SMT skólafærni/PBS með samningi við miðstöð PMTO tímabundið frá 1. janúar 2026 til 31. desember 2027.

Fyrirhugaður er fundur fagráðs með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytisins 27. ágúst nk. þar sem ofangreindar leiðir verða kynntar komist þær til framkvæmda.

Kær kveðja, fagráðs PMTO á Íslandi

Arndís Þorsteinsdóttir, Keðjan Reykjavíkurborg/PMTO Miðstöð
Edda Vikar Guðmundsdóttir, Keðjan Reykjavíkurborg/PMTO Miðstöð
Eiríkur Þorvarðarson, Hafnarfjarðarbær
Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, Keðjan Reykjavíkurborg.
Margrét Sigmarsdóttir, Háskóli Íslands
Svala Hreinsdóttir, Samband íslenskra sveitarfélaga

Afrit:

Valdimar Víðisson bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar

Fylgiskjöl

1. PMTO miðstöð – stutt kynning á PMTO og miðstöðina á Íslandi frá upphafi til dagsins í dag.
2. Samstarfssamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar.
3. Staðfesting á samstarfsyfirlýsingu frá Háskóla Íslands um stofnun rannsóknarstofu PMTO miðstöðvar.
4. Nýleg rannsóknarverkefni á vegum Háskóla Íslands – Samþætting SMT-skólafærni og kennslu í félags- og tilfinningafærni: Mat á fýsileika og aðlögun með DAM aðferð.
5. Nýleg rannsóknarverkefni á vegum Háskóla Íslands – Mat á fýsileika og aðlögun gagnreyndra foreldrafærnimeðferðar í hópi (PMTO) fyrir skólaforðun barna.
 - -Bæði verkin hafa verið gerð eins og fram kemur í lýsingu.
 - -Bæði verkin voru kynnt á Menntakviku (ráðstefnu í menntavísindum) sl. haust.H
 - Helstu niðurstöður úr skólaforðunarverkefninu voru kynnar þeim sveitarfélögum sem tóku þátt í upphafi árs 2025.
 - Niðurstöður (afmarkaður hluti) varðandi skólaforðun voru kynntar á Sálfræðipingi í vor.
 - Ritgerðir voru unnar í tengslum við bæði verkin og þeim lokið í júní.
 - Verið er að skrifa greinar í innlend ritrýnd tímarit og handrit verða send í byrjun hausts.
 - Unnið verður úr seinni hluta gagna í haust og handrit unnin og send í erlend tímarit síðla hausts.
 - Niðurstöður beggja verkefna verða kynntar á fræðsludegi PMTO í nóvember.
6. Gagnlegar upplýsingar í dag.
7. PMTO hýst hjá sveitarfélögum – SVÓ.
8. SMT/PBS tölulegar upplýsingar fyrir árið 2025.

Samstarfssamningur

mennta- og barnamálaráðuneytisins

og Reykjavíkurborgar um starfsemi PMTO miðstöðvar

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt „ráðuneytið“, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, í þessum samningi nefnd „samstarfsaðili“, gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- Meginmarkmið þessa samnings er að styðja Reykjavíkurborg við það verkefni að leiða PMTO miðstöð fyrir allt landið. Áætlað er að verkefnið verði unnið á tveggja ára tímabili, þ.e. á árunum 2024 og 2025. Verkefnið felst m.a. í eftirfarandi þáttum:
 - Samstarfi meðal sveitarfélaga um útfærslu PMTO miðstöðvar til að tryggja nýtingu þeirrar sérþekkingar sem þegar er til staðar á Íslandi, m.a. með handleiðslu, þjálfun og gæðaeftirliti, svo mögulegt sé að samþætta vinnu allra sveitarfélaga á Íslandi sem innleiða PMTO þjónustu.
 - Viðbótum á samningi Reykjavíkurborgar og Oregon (ISII) um leyfi sem nær til alls landsins.
 - Að skipaður verði starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins, PMTO fagaðilum sveitarfélaga, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Háskóla Íslands og, ef þörf krefur, annarra stofnana. Markmið starfshópsins verður að fylgjast með framvindu PMTO úrræðisins á landsvísu, stuðla að góðri PMTO þjónustu fyrir sem flesta og finna PMTO miðstöðinni varanlegan stuðning og staðsetningu.
- Með þessum samningi skuldbinda samningsaðilar sig til að taka þátt í verkefni samnings þessa. Verkbættir þess verkefnis sem samningur þessi tekur til eru tilgreindir í sérstöku fylgiskjali (*fylgiskjal nr. 1*) þar sem útfærsla verkþátta og árlegur miðlægur kostnaður þeirra er tilgreindur. *Fylgiskjal nr. 1* er hluti af samstarfssamningi þessum.
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er framkvæmdaraðili samningsins fyrir hönd samstarfsaðila.

2. Framlag og skyldur aðila samningsins

- Framlag ráðuneytisins til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er fjárframlag að upphæð kr. 53.000.000. Framlaginu er ætlað að dreifast jafnt yfir tveggja ára gildistíma samnings þessa. Verður fjárframlag ráðuneytisins greitt með einni greiðslu inn á bankareikning viðskiptabanka samstarfsaðila eftir undirritun samstarfssamnings þessa.
- Fjárframlag ráðuneytisins kemur frá málaflokki 29.4, af fjárlagalið 02-999-121.
- Framlag samstarfsaðila til verkefnisins samkvæmt samningi þessum er framkvæmd og utanumhald verkefnis samnings þessa og vinnuframlag starfsmanna. Samstarfsaðili ábyrgist að framlaginu verði einungis varið til verkefnis samnings þessa.
- Aðilar samningsins skulu funda reglulega yfir samningstímann, a.m.k. þrisvar sinnum, þar sem farið verður yfir framvindu verkefnisins. Tengiliður ráðuneytisins mun hafa umsjón með boðun og utanumhaldi funda.
- Samstarfsaðili skal veita ráðuneytinu allar upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess, eins fljótt og auðið er.
- Þá skilar samstarfsaðili ráðuneytinu skýrslu um árangur af verkefninu við lok samningstíma.

- 2.7. Tengiliður samstarfsins í mennta- og barnamálaráðuneytinu er Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur, og tengiliður samstarfsaðila er Halldóra Gyða Matthíasdóttir Proppé, framkvæmdastjóri.

3. Vanefndir

- 3.1. Aðilar samningsins skulu tilkynna hvor öðrum tafarlaust ef þeir telja vafa leika á um að þeir geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greina aðilar frá úrræðum sem þeir hyggjast grípa til.
- 3.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva framlag til verkefnisins uppfylli samstarfsaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Þá er ráðuneytinu í slíkum aðstæðum jafnframt heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.3. Samningsaðilum er heimilt að rifta samningi þessum efni gagnaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Í slíkum tilvikum er ráðuneytinu heimilt að endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.
- 3.4. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 3.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

4. Gildistími og uppsögn

- 4.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2025.
- 4.2. Samningur þessi er háður samþykki borgarráðs.
- 4.3. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með eins mánaða fyrirvara. Óski samstarfsaðili eftir því að segja samningnum upp skal samstarfsaðili endurgreiða ráðuneytinu framlagið í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af samningstíma.
- 4.4. Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á verkefnið samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald verkefnisins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

Reykjavík, 18. janúar 2024

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

PMTO MIÐSTÖÐ

PMTO ER GAGNREYNT MEÐFERÐARÚRRÆÐI FYRIR FORELDRA BARNA MEÐ HEGÐUNARERFIÐLEIKA

FUNDUR MEÐ BARNAMÁLARÁÐUNEYTI



REYKJAVÍK - JÚNÍ 2025

FRUMKVÖÐLAR OG ÁHRIFAADILAR Á ÍSLANDI

PMTO Á ÍSLANDI

STÖÐUG ÞRÓUN FRÁ INNLEIÐINGU ÁRIÐ 2000

2000 – 2013
HAFNARFJÖRÐUR

2000

2013

2013 – 2021
BARNAVERNDARSTOFA

2020 – 2023
REYKJAVÍKURBORG
(INNAN REYKJAVÍKURBORGAR)

2020

2021 – 2023
BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTOFA
(UTAN REYKJAVÍKURBORGAR)

2021

2023 – 2025
REYKJAVÍKURBORG
(ÖLL SVEITARFÉLÖG LANDSINS)

2023



ÁRANGURSRÍK AÐFERÐ OG INNLEIÐING

ER SAMOFIN RANNSÓKNUM

**FYLGIR NÝJUSTU
INNLEIÐINGARFRÆÐUM**

**TRYGGIR FYLGNI VIÐ
MEÐFERÐARÚRRÆÐIÐ/
GÆÐI**



**BÝÐUR VIÐEIGANDI
ÞJÁLFUN OG
HANDLEIÐSLU
FAGAÐILA**

**EFLIR NÁLÆGÐ MILLI
FJÖLSKYLDNA OG
ÞJÓNUSTU**


GÆÐARANNSÓKNIR Á HEIMSVÍSU



CALIFORNIA EVIDENCE-BASED CLEARINGHOUSE:

PMTO fær hæstu einkunn, sterkur rannsóknargrunnur og nær til mála innan barnaverndar

https://www.cebc4cw.org/search/results/?keyword=GenerationPMTO&q_search=Go&realm=keyword



BLUEPRINTS FOR HEALTHY YOUTH DEVELOPMENT:

PMTO metið sem módel+ úrræði fyrir úrræði ætlað börnum með aðlögunarvanda.

https://www.blueprintsprograms.org/program-search/?localPageSize=5000&o_externalizing=1&keywords=

ÍSLENSKAR NIÐURSTÖÐUR – RCT

BÖRN Í PMTO HÓPI:

SÝNA MINNA ERFIÐA HEGÐUN AÐ MATI FORELDRA

ERU MINNA ÞUNGLYND AÐ EIGIN MATI

SÝNA MEIRI FÉLAGSFÆRNI AÐ MATI FORELDRA OG
KENNARA EN BÖRN Í SAMANBURÐARHÓPI.

Heildarfjöldi (N) var 102 fjölskyldur, 51 PMTO og 51 SAU.

Stúlkur voru 28 og drengir 74.

Aldursbilið var 5-12 ára.

RADDIR FORELDRA OG HÓPAR

FORELDRA BARNA INNAN BARNAYERNDAR

FORELDRAR MEÐ ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAVANDA

FORELDRAR BARNNA Í SKAMMTÍMAFÓSTRÍ

FORELDRAR MEÐ MIKLA FÉLAGSLEGA ERFIÐLEIKA

FORELDRAR BARNNA Í SKAMMTÍMAÚRRÆÐI

FORELDRAR BARNNA MEÐ SKÓLASÓKNARVANDA

FORELDRAR BARNNA Á FLÓTTA - SPARE



STIGSKIPT ÞJÓNUSTA – FARSÆLDARLÖG

EÐLI OG UMFANG

EINSTAKLINGSMEÐFERÐ

HÓPMEÐFERÐ (PTC)

FORELDRANÁMSKEIÐ

PMTO

VINNA MEÐ FORELDRUM OG Á VETTVANGI SKÓLA

MEÐ GAGNREYNDUM AÐFERÐUM





GEFUR MESTAN ÁRANGUR

ÞEGAR KEMUR AÐ BÆTTRI AÐLÖGUN BARNNA



Til dæmis: Patterson, G. R., Reid, J. B. & Eddy, M. (2002). A brief history of the Oregon model: Sigmarsdóttir.& Björnsdóttir, 2012.
Community implementation of PMTO™: Impacts on referrals to specialist services and schools

HVAÐ VIRKAR FYRIR HVERN?



NÁUM TIL FLEIRI HÉR Á LANDI



AMERICAN
PSYCHOLOGICAL
ASSOCIATION

© 2024 American Psychological Association
ISSN: 0022-006X

Journal of Consulting and Clinical Psychology

<https://doi.org/10.1037/ccp0000882>

What Works Better? 1-Year Outcomes of an Effectiveness Trial Comparing Online, Telehealth, and Group-Based Formats of a Military Parenting Program

Abigail H. Gewirtz¹, David S. DeGarmo², and Susanne Lee¹

¹ Department of Psychology, Research and Education Advancing Children's Health Institute, Arizona State University

² Prevention Science Institute, University of Oregon

Objective: The present study, conducted with a population of military families, examined the comparative effectiveness of three program formats of Adaptive Parenting Tools (ADAPT), a parenting program for families of school-aged children in which a National Guard or Reserve (NG/R) parent had returned from deployment to the post-9/11 conflicts. Despite well-documented need, parenting programs for NG/R families are scarce and often inaccessible. We predicted that both facilitator-delivered conditions (i.e., in-person group; individual telehealth) would result in stronger improvements in observed parenting than assignment to the online self-directed condition. We further proposed a noninferiority hypothesis wherein no significant difference would be detected between telehealth and group conditions. **Method:** Families ($N = 244$; 87% Caucasian) were recruited from NG/R units in two midwestern states. Families (with a 5–12-year-old child) were randomized to one of three conditions: in-person multifamily group, individual telehealth, or a online, self-directed condition. The intervention was delivered using the same content across conditions, over 14 weeks (group, telehealth conditions) or 12 modules (online condition); either or both parents could participate. **Results:** Intent-to-treat analyses supported both hypotheses: families in both in-person group and telehealth conditions showed significant improvements to observed parenting at 1-year postbaseline.

ORIGINAL ARTICLE

The acceptability and preliminary effectiveness of a brief, online parenting program: Expanding access to Evidence-Based parenting intervention content

Kendal Holtrop | Gianna Casaburo | Tanner Hickman |
Melissa M. Yzaguirre | Deja Young

Michigan State University, East Lansing,
Michigan, USA

Correspondence

Kendal Holtrop, Department of Human
Development and Families Studies, 552 W.
Circle Drive, Michigan State University, East
Lansing, MI 48824, USA.
Email: holtropk@msu.edu

Funding information

Michigan Health Endowment Fund, Grant/
Award Number: #R-1712-142490

Abstract

Parenting interventions are a promising means for preventing and treating a variety of child behavior and conduct problems; yet, many families lack access to such services. Online parenting programs offer an opportunity to mitigate many barriers to intervention access by extending service delivery options. The purpose of the present study was to evaluate the acceptability and preliminary effectiveness of a brief, online parenting program. We developed a new online parenting program based on foundational content from the evidence-based GenerationPMTO intervention and used a mixed-methods, single-arm open trial (pre-post) design to perform a pilot study. The results showed that the program was acceptable and

VERKÞÆTTIR MIÐSTÖÐVAR

STUÐNINGUR VIÐ SVEITARFÉLÖG

ÞJÁLFUN/HANDLEIÐSLA FAGFÓLKS

STUÐNINGUR VIÐ SMT-SKÓLAFÆRNI

GERÐ OG VIÐHALD EFNIS

GÆÐAMAT

SAMSTARF VIÐ SÉRFRÆÐINGA:

HÍ - OREGON (ISII) - EVRÓPU

HÖLDUM ÁFRAM AÐ VANDA OKKUR

TILLAGA 1:

Aðsetur hjá
Miðstöð menntunar og
skólaþjónustu (MMS)

Samstarf við rannsóknarstofu
hjá Menntavísindasviði HÍ

TILLAGA 2:

Sveitarfélög sameinast um
miðlæga miðstöð
-Hjá sveitarfélagi EÐA
-Hjá Sambandi íslenskra
sveitarfélaga

Samstarf við rannsóknarstofu
hjá Menntavísindasviði HÍ

BLIKUR Á LOFTI



YFIRLÝSING um áframhaldandi samstarf

Menntavísindasvið Háskóla Íslands er í formlegu samstarfi við Miðstöð fyrir PMTO á Íslandi vegna rannsókna á nýjungum og aðlögun aðferða sem innleiddar eru undir merkjum PMTO á Íslandi. Keðjan, f.h. Reykjavíkurborgar, hefur haldið tímabundið utan um Miðstöð fyrir PMTO á Íslandi skv. samningi við mennta- og barnamálaráðuneytið. Margrét Sigmarsdóttir er tengiliður Menntavísindasviðs með þátttöku annarra fræðimanna sviðsins.

Þar sem núverandi samningur er tímabundinn og rennur út í lok þessa árs, þá staðfestist hér með að Menntavísindasvið Háskóla Íslands lýsir yfir vilja til áframhaldandi samstarfs í formi nýs samnings. Stefnt er að stofnun rannsóknarstofu um verkið og að efla starfið enn frekar, með áherslu á að þjónustan nái til fleiri og verði enn aðgengilegri. Þetta verður skilgreint frekar í nýjum samningi.

Reykjavík, 03. 07. 2025

Margrét Sigmarsdóttir, prófessor
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, prófessor og sviðsforseti
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Undirritunarsíða

Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir

Margrét Sigmarsdóttir



**MAT Á FÝSILEIKA OG AÐLÖGUN GAGNREYNDRAR
FORELDRAFÆRNIMEÐFERÐAR Í HÓPI (PMTO) FYRIR SKÓLAFORÐUN MEÐAL
BARNA**

LÝSING Á VERKEFNI

Samantekt: Dr. Margrét Sigmarsdóttir og dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, sálfræðingar og
dósentar við Háskóla Íslands á Menntavísindasviði

Samantekt:

Í þessari rannsókn er ætlunin að meta fýsileika og laga PMTO (*Parent Management Training – Oregon aðferð*) hópmeðferð (PTC; *Parenting Through Change*) að erfiðleikum við skólasókn (e. school attendance problems) meðal grunnskólabarna. Gögnum verður safnað frá þremur PTC foreldrahópum þar sem efnið er sérstaklega sniðið að erfiðleikum við skólasókn barna með það að markmiði að meta áhrif aðlagaðs PMTO-hópúræðis á slíka erfiðleika. Foreldrar barnanna koma frá þremur sveitarfélögum þar sem PMTO-þjónusta býðst foreldrum almennt vegna hegðunarerfiðleika barna og er veitt af sérstaklega þjálfuðum PMTO-meðferðaraðilum. Rannsóknin er unnin á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ábyrgðaraðilar eru dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir og dr. Margrét Sigmarsdóttir dósentar og sálfræðingar, í samstarfi við sveitarfélögin þar sem meðferðin fer fram.

MAT Á FÝSILEIKA OG AÐLÖGUN GAGNREYNDRAR FORELDRAFÆRNIMEÐFERÐAR Í HÓPI (PMTO) FYRIR SKÓLAFORÐUN MEÐAL BARNA

Meðvitund um mikilvægi þess að meðhöndla og fyrirbyggja markvisst aðlögunarvanda barna hefur aukist. Úrræði sem byggjast á því að efla foreldrafærni með gagnreyndum aðferðum virðast gefa besta raun (Cai o.fl., 2022; Kazdin, 2005) og hér á landi hafa slík úrræði verið innleidd með skipulögðum hætti í áratugi, bæði í meðferðar- og forvarnarskyni (Margrét Sigmarsdóttir, 2016).

Í þessari rannsókn er ætlunin að safna gögnum frá þremur PTC-foreldrahópum þar sem efnið er sérstaklega sniðið að erfiðleikum í tengslum við skólasókn barna (e. school attendance problems), með það að markmiði að skoða sérstaklega áhrif aðlagaðs PMTO-úrræðis á slíka erfiðleika. Foreldrar barnanna koma frá þremur sveitarfélögum þar sem PMTO-þjónusta býðst foreldrum almennt vegna hegðunarerfiðleika barna og er veitt af sérstaklega þjálfuðum PMTO-meðferðaraðilum. Skólasókn barnanna verður metin reglulega yfir tímabilið (samtals 12 vikur), jafnframt því verður lagt mat á foreldrafærni, líðan foreldra og aðlögun barns. Foreldrar fá *Parent Management Training – Oregon aðferð* (PMTO) hópmeðferð (PTC; *Parenting Through Change*) í þremur hópum, hjá því sveitarfélagi þar sem þau eru búsett.

Rannsóknin er unnin á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ábyrgðaraðilar eru dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir og dr. Margrét Sigmarsdóttir, dósentar og sálfræðingar, og í samstarfi við sveitarfélögin þar sem meðferðin fer fram.

Nánari lýsing markmiðs og ávinningur

Menntun barna telst til grundvallarmannréttinda (Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, 1948) og góð skólasókn og markviss námsástundun skipta sköpum fyrir nám, þroska og aðlögun barna og ungmenna (Ansari og Gottfried, 2021). Dræm skólasókn, svo sem miklar fjarvistir, seinkomur og jafnvel brotthvarf úr námi tengjast aftur á móti marktækt verri horfum barna (Ansari o.fl., 2020; Ansari og Pianta, 2019; Kearney, 2022) og geta leitt til langvarandi erfiðleika á ýmsum sviðum (Ansari og Gottfried, 2021). Erfiðleikar við skólasókn eða skólasóknarvandi (e. school attendance problems) er hér notað sem regnhlífarhugtak sem spannar meðal annars hugtakið skólaforðun (e. school refusal; school avoidance; school phobia), sem er gjarnan notað þegar vandinn á rætur að rekja til tilfinningalegra erfiðleika, svo sem kvíða eða depurðar (sjá t.d. Kearney og Albano, 2007; Kearney o.fl., 2023a), og endurteknar fjarvistir frá skóla (e. truancy) sem tengjast alvarlegri

hegðunarfrávikum (e. delinquency; sjá t.d. Gerth, 2022; Maynard o.fl., 2017). Undir sama regnhlífarhugtak má einnig fella annars vegar ákveðna tegund vanrækslu, það er þegar foreldrar koma á einhvern hátt í veg fyrir að barnið sæki skóla (e. school withdrawal) og hins vegar útilokun frá skóla (e. school exclusion), ýmist vegna ólögmæts og/eða ósanngjarns brottrekstrar barns úr skóla eða ef skólinn er ófær um eða neitar að koma til móts við þarfir barns, þannig að það getur ekki tekið þátt í skólastarfi (Heyne o.fl., 2019; Kearney o.fl., 2023b). Ef horft er til skólaforðunarhegðunar sérstaklega má samkvæmt Kearney og Silverman (1990) skipta virkni (e. function) hennar í grófum dráttum í fjóra flokka, það er: 1) að forðast áreiti í skólaumhverfinu sem vekur erfiðar tilfinningar, svo sem depurð og kvíða; 2) að forðast mat og álit annarra í ýmsum félagslegum aðstæðum innan skólans, svo sem í samskiptum við jafnaldra, í prófum eða öðrum skólaverkefnum; 3) að fá athygli foreldra eða annarra nákominna og 4) af því að skólaforðunarhegðunin er styrkt og henni viðhaldið af einhverju utan skólans sem barninu þykir eftirsóknarvert og hefur aðgengi að á skólatíma (s.s. snjalltækjum, svefni o.fl.). Almennt má því segja að ef vinna á bót á erfiðleikum við skólasókn sé grundvallaratriði að horfa til allra mögulegra áhrifaþátta og komast þannig að því hvað orsakar og viðheldur vandanum í hverju tilviki fyrir sig.

Samræmi skortir í skilgreiningum á erfiðleikum við skólasókn (Kearney o.fl., 2019) og því hefur reynst erfitt að henda reiður á umfangi þeirra en rannsakendur hafa áætlað að algengi gæti verið um 2% (Egger o.fl., 2003), 4,6% (Tonge og Silverman, 2019) og jafnvel 5-28% (Kearney, 2001). Misjafnt er hvort miðað er við skólaforðun sérstaklega (Egger o.fl., 2003) eða við skólasóknarerfiðleika almennt (Tonge og Silverman, 2019). Hvað áhættuþætti varðar hafa erlendar rannsóknir sýnt að börn og ungmenni með dræma skólasókn standa gjarnan höllum fæti í námi, líðan, hegðun, og félagslegum samskiptum (sjá Kearney o.fl., 2023a) og að foreldrar þeirra séu líklegri til að beita óheppilegum uppeldisaðferðum og eiga sjálfir við tilfinningalega erfiðleika að etja (Chockalingam o.fl., 2023).

Rannsókn á algengi skólasóknarerfiðleika á Íslandi er þörf en könnun Velferðarvaktarinnar (2019) meðal skólastjóra í grunnskólum gefur þó einhverjar vísbendingar. Miðað við svör þeirra var áætlað að rúm 2% grunnskólabarna sýndu merki um það sem í skýrslu Velferðarvaktarinnar (2019) var kallað „skólaforðun“ en óljóst er við hvaða skilgreiningu á skólasóknarerfiðleikum eða skólaforðun var miðað og því skynsamlegt að gæta fyrirvara við túlkun niðurstaðna. Ekki eru til nein samræmd, opinber viðmið um skólasókn á landsvísu sem

stendur mati á umfangi skólasóknarerfiðleika hérlandis fyrir þrifum, þótt ýmis sveitarfélög hafi tekið upp eigin viðmið fyrir sína grunnskóla (sjá t.d. Kópavogsbær, e.d.; Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarbæjar, 2019; Reykjavík, 2019). Sömuleiðis leiddi kerfisbundin samantekt Heyne o.fl. (2020) á niðurstöðum um 50 rannsókna í ljós að mælingar á erfiðleikum við skólasókn, einkum skólaforðun, eru fjölbreyttar og að engar leiðbeiningar eru til staðar um hvernig æskilegast sé að meta hana.

Ljóst er af framangreindu að skólasóknarvandi er alvarlegur og krefst annars vegar markvissra forvarna og hins vegar viðeigandi árangursríkra úrræða. Gæðarannsókn á árangri úrræða er þó sárlega þörf (Elliott og Place, 2019). Kerfisbundin samantekt og safngreining (e. systematic review and meta-analysis) Maynard o.fl. (2015) á alls átta rannsóknum, misjöfnum að gæðum, benti til þess að inngríp sem byggjast á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar (HAM) gætu borið árangur við að bæta skólasókn barna sem sýna skólaforðun en að mikil þörf væri fyrir fleiri rannsóknir á þessu sviði. Úrræði við skólaforðun sem hafa verið rannsökuð síðan niðurstöður Maynard o.fl. (2015) birtust hafa einnig byggst á HAM, þar sem börn, foreldrar (Reissner o.fl., 2015) og jafnvel að hluta til starfsfólk skólans tekur þátt (Lomholt o.fl., 2020; Strömbeck o.fl., 2021). Maynard og félagar (2013) tóku einnig saman niðurstöður rannsókna á áhrifum inngrípa vegna langvarandi fjarvista frá skóla. Niðurstöður bentu til að auka megi skólasókn barna og ungmenna í þessum hópi með ýmiss konar úrræðum en þar sem rannsóknirnar voru fáar og gæði þeirra oft takmörkuð var ekki hægt að álykta um hvað einkenndi árangursrík úrræði umfram önnur.

Vísbendingar eru um að erfiðleikar við skólasókn hafi ágerst vegna samkomutakmarkana og skerts skólahalds á tímum heimsfaraldurs COVID-19, miðað við gögn frá Bandaríkjunum og Evrópu (Carminucci o.fl., 2021; Kouroupa o.fl., 2023). Óljóst er hver staða þessara mála er á Íslandi en niðurstöður Velferðarvaktarinnar (2019) frá því áður en COVID-19 hófst gefa til kynna að þörfin fyrir árangursríkar lausnir sé mikil.

Íslenskar rannsóknir á áhrifum úrræða og meðferðar við erfiðleikum við skólasókn eru ekki tiltækar. Aftur á móti býr íslenskt samfélag yfir mikilli og jákvæðri reynslu af Parent Management Training – Oregon aðferð (PMTO), gagnreyndu prógrammi (e. evidence-based program) sem nýta má bæði í forvarna- og meðferðarskyni til að efla uppeldisfærni foreldra og þar með aðlögun barna þeirra (sjá t.d. Forgatch og Patterson, 2010; Margrét Sigmarsdóttir, 2016; Rains o.fl., 2021). Þar sem hegðun og samskipti foreldra við börn sín hafa afgerandi áhrif á

aðlögun, hegðun og líðan barna (Kazdin, 2005a, 2005b) er nærtækt að meðferð við skólasóknarvanda beinist að því að efla færni foreldra með gagnreyndum aðferðum, svo sem PMTO, sem bætir aðlögun barnsins.

Niðurstöður rannsókna á áhrifum PMTO-úrræðisins víða um heim, bæði með einstaka foreldrum og í hópi (Parenting Through Change; PTC), sýna góðan árangur fyrir börn með aðlögunarerfiðleika (sjá t.d. Forgatch og DeGarmo, 1999; Patterson o.fl., 1992; Sigmarasdóttir o.fl., 2015; Tømmerås o.fl., 2018) og jafnframt að aukin foreldrafærni leiðir til bættrar aðlögunar barna (Forgatch og Patterson, 2010; Rains o.fl., 2021). Í íslenskri hópsamanburðarrannsókn með slembivali (Sigmarasdóttir o.fl., 2015) meðal 102 barna og foreldra þeirra kom fram að PMTO einstaklingsmeðferð dró úr aðlögunarvanda barna og þau sýndu m.a. marktækt aukna félagsfærni. Jákvæðar vísbendingar um áhrif á foreldrafærni hafa einnig verið sýndar hérlandis (Berglind Berndsen Sveinbjörnsdóttir o.fl., 2019) og sömuleiðis hefur komið í ljós að innleiðing PMTO dregur úr tilvísunum til sérfræðinga í umfangsmeiri þjónustu (Sigmarasdóttir og Björnsdóttir, 2012). Í þessum rannsóknum voru skólasóknarerfiðleikar barna þó ekki skoðaðir sérstaklega og því er ástæða til að skoða áhrif meðferðarinnar á þetta aðkallandi vandamál. Markmið þessarar rannsóknar er því að meta áhrifin af því að efla foreldrafærni með gagnreyndu foreldrafærniþrógrammi (PMTO-hópmeðferð/PTC) á skólasókn barna. Jafnframt verður fýsileiki úrræðisins eins og það hefur verið aðlagð að þörfum hópsins metinn.

Aðferð

Þátttakendur

Þremur hópum foreldra verður boðið að taka þátt í rannsókninni haustið 2024, um 15 foreldrum í hverjum hópi eða allt að 45 foreldrum, frá þremur sveitarfélögum. Börn þeirra verða á grunnskólaaldri, í 1. – 7. bekk. Öll munu sýna skólaforðun og hafa verið fjarverandi að lágmarki 10 skóladaga miðað við mætingarskráningu grunnskóla hvers þeirra, skólaárið á undan (2023-2024). Meðferðina munu veita sérstaklega þjálfaðir PMTO-meðferðaraðilar sem starfa hjá sveitarfélögunum þremur og fá reglulega handleiðslu vegna vinnslu málanna. Sjá lýsingu á úrræði hér á eftir.

Mælitæki

Þar sem mælingar á skólasóknarvanda hafa verið misjafnar milli rannsókna og engar formlega

viðurkenndar matsaðferðir eru til staðar (Heyne o.fl., 2020) verður hér stuðst við fjölbreyttar mælingar. Matið mun fara fram við upphaf og lok meðferðar, og reglulega meðan á henni stendur. Annars vegar er um að ræða fyrirhugað mat á fýsileika úrræðis við skólasóknarerfiðleikum og hins vegar mat á árangri þess. Eftirfarandi er lýsing á mælitækjum.

Fýsileiki meðferðar verður mældur með fjórum þáttum: 1) *Mæting foreldra* (e. attendance) er tekin í hverjum tíma og skráð sem já eða nei. Meðferðaraðilar merkja við þennan þátt; 2) *Þátttaka* (e. involvement) er skráð í hverjum tíma af meðferðaraðilum, það er hvort þátttakendur vinni heimavinnuna með því að skrá já eða nei. Meðferðaraðilar sinna einnig þessum þætti; 3) *Ánægja* (e. satisfaction) sem metin er í lok hvers tíma en þá svara foreldrar spurningum um þrjú þemu, hversu áhrifaríkt þeim fannst efni dagsins, hvernig þau upplifðu framkomu gagnvart sér í tímanum og sýn þeirra á heimavinnu seinustu viku. Listinn samanstendur af staðhæfingum sem foreldrar taka afstöðu til á 5 punkta Likert-kvarða á bilinu 1 („alls ekki rétt“) til 5 („mjög rétt“). Dæmi um staðhæfingar á spurningalistanum eru „Upplýsingarnar sem okkur voru kynntar í dag voru hjálplegar“ og „Heimaverkefnið átti vel við fjölskyldulíf mitt“. Í lokatíma svara foreldrar lengri útgáfu af listanum þar sem spurt er út í upplifun þeirra, nytsemi ýmissa þátta sem voru kynntir og hvort þau myndu mæla með úrræðinu við aðra. Spurningarnar eru bæði opnar og á 5 punkta Likert-kvarða á bilinu 1 („mjög lítið“) til 5 („mjög mikið“) og 1 („alls ekki rétt“) til 5 („mjög rétt“). Dæmi um staðhæfingar og spurningar: „Ég hef tekið eftir jákvæðum breytingum á hegðun barnsins míns eftir að námskeiðið hófst“ og „Heilt yfir var hópnámskeiðið hjálplegt“. 4) *Rýnihópaviðtal* (e. focus group interview), þar sem foreldrar verða spurðir m.a. um reynslu sína af úrræðinu, hvað var gagnlegt, hvað var síður gagnlegt, hvað þeir lærðu, hvort það hefði verið hjálplegt að ræða sérstaklega um skólasóknarerfiðleika og hverju, ef einhverju, þau myndu vilja breyta við úrræðið.

Mat á árangri: 1. *Eyberg Child Behavior Inventory (ECBI)* er ætlað að mæla aðlögun barns. Foreldrar svara spurningalista sem inniheldur 36 staðhæfingar um aðlögunarvanda barna á aldursbilinu 2 – 16 ára. Svarað er á 7 punkta Likert-kvarða (frá „aldrei“ til „alltaf“) og samanstendur listinn af tveimur kvörðum þar sem annar mælir styrkleika erfiðrar hegðunar (e. *intensity scale*) og hinn fjölda tilvika erfiðrar hegðunar barns. Dæmi um spurningar eru: „Bregst við með móttþróa þegar gefin eru fyrirmæli“ og „Reiðist þegar það fær ekki það sem það vill.“ Allir þættir listans eru svo teknir saman og heildarstig reiknuð. Hærri stig gefa vísbendingar um meiri aðlögunarvanda (Eyberg og Pincus, 1999). Listinn hefur sýnt góðan innri áreiðanleika fyrir

undirkvarðann styrkleika erfiðrar hegðunar, $\alpha = 0,88 - 0,95$, og fjölda tilvika erfiðrar hegðunar, $\alpha = 0,93 - 0,95$, og endurprófunaráreiðanleika (e. test/retest) á styrkleika, $r = 0,86$, og fjölda vandamála, $r = 0,88$ (Eyberg og Pincus, 1999). Íslenska útgáfan af listanum er þýdd og bakþýdd úr ensku á íslensku og hráskor eru notuð við útreikninga niðurstaðna þar sem ekki er um að ræða íslenska stöðlun.

2. *Parent Practices Interview (PPI)* er ætlað að meta foreldrafærni og foreldrar svara sjálfir listanum. Listinn er byggður á spurningalista Oregon Social Learning Center (OSLC) um ögunaraðferðir (e. discipline style) og heitir *Discipline style and techniques* (Webster-Stratton, 1998). PPI-listinn samanstendur af 15 meginþáttum sem flokkast meðal annars í strangar agaaðferðir (e. harsh discipline), ósamræmi í agaaðferðum (e. inconsistent discipline), skýrar væntingar (e. clear expectations) og jákvæðar uppeldisaðferðir (e. positive parenting). Í rannsókn Tømmerås o.fl. (2018) kom fram að þrír þættir virtust mæla foreldrafærni best og nægjanlegt væri að mæla þá. Þættirnir þrír voru strangar agaaðferðir, ósamræmi í agaaðferðum og jákvæðar uppeldisaðferðir og voru því aðeins þessir þættir mældir í rannsókninni. Listinn var þýddur og bakþýddur frá ensku yfir á íslensku með leyfi handhafa listans og dæmi um staðhæfingar eru: „Hve oft gerir þú eftirfarandi þegar barnið þitt hagar sér illa (gerir eitthvað sem það á ekki að gera)“ og „Ef barnið þitt slær annað barn, hversu líklegt er að þú gerir eftirfarandi.“ Hver meginþáttur inniheldur mismarga undirþætti og svarað er á 5, 7 eða 8 punkta Likert kvarða frá 1 („mjög sammála“) til 5 („mjög ósammála“). Próffræðilegir eiginleikar listans hafa mælst viðunandi (Reid o.fl., 2001).

3. *The Symptom Checklist-10 (SCL-10)* verður notaður til að meta líðan foreldra. Listinn metur sálfræðilega streitu og þá sérstaklega einkenni kvíða og þunglyndis. Hann var þýddur og bakþýddur á íslensku úr norsku með leyfi handhafa listans og samanstendur af staðhæfingum um líðan seinustu viku sem foreldrar taka afstöðu til á 4 punkta Likert-kvarða á bilinu 1 („alls ekki“) til 4 („mjög“). Dæmi um staðhæfingar eru „Varð skyndilega hrædd/ur af engri ástæðu“ og „Ég er vonlaus um framtíðina“. Heildarstig er reiknað með því að leggja saman svörin við öllum staðhæfingunum og deila með fjölda staðhæfinga. Viðmið fyrir vanda er ef heildarstig er 1,85 eða hærra. SCL-10 er styttri útgáfa af HSCL-25 listanum (Derogatis o.fl., 1974). Sýnt hefur verið fram á viðunandi próffræðilega eiginleika HSCL-25 og SCL-10 (sjá t.d. Strand o.fl., 2003).

4. Mat á ástundun í skóla. Lagt verður mat á skólasókn með því að reikna mætingarhlutfall, þ.e. fjölda kennslustunda á viku sem barnið mætir í, deilt með heildarfjölda

kennslustunda á viku. Einnig verður fylgst með stundvísi barnsins, þ.e. fjölda seinkoma á viku. Við upphaf meðferðar verða foreldrar beðnir um að deila afriti af stundatöflu barnsins með rannsakendum til þess að hægt sé að meta heildarfjölda kennslustunda á viku. Foreldrar svara spurningum vikulega, þ.e. í hverjum meðferðartíma, um annars vegar fjölda fjarvista og hins vegar fjölda seinkoma. Jafnframt munu meðferðaraðilar (tengiliður rannsóknar innan hvers þátttökusveitarfélags) á hverjum stað afla upplýsinga um skólasókn til þeirra grunnskóla sem börn þátttakenda sækja. Öflun upplýsinga um skólasókn fer fram við upphaf og lok meðferðar.

Að lokum má nefna fylgni meðferðaraðila við meðferð: Meðferðaraðilar sem veita inngripnið svara spurningum um trúnað þeirra við meðferðina. Fjórar útgáfur af spurningalistanum voru notaðar þar sem hver listi samsvarar efni þess tíma. Listarnir innihalda 10-15 staðhæfingar eins og „Foreldrar lærðu að hvetja til hegðunar sem þeir „vilja sjá“ í stað þess að einblína á vandamálahegðun“ og „Við komumst yfir flest á dagskrá dagsins eins og því er útlistað í meðferðarhandbók“. Hver staðhæfing er metin á 5 punkta Likert-kvarða á bilinu 1 („ekki satt“) til 5 („mjög satt“).

Lýsing á úrræði

Markmið PMTO meðferðar, hvort sem um er að ræða einstaklings- eða hópmeðferð, er að aðstoða foreldra við að tileinka sér styðjandi uppeldisaðferðir (e. *positive parenting*), sem leiða til betri aðlögunar og bættrar hegðunar barnsins. Styðjandi uppeldisaðferðir byggja á fimm meginþáttum: 1) Kerfisbundinni hvatningu; 2) Að setja mörk; 3) Markvissu eftirliti; 4) Lausnaleit; 5) Jákvæðri samveru og afskiptum (Forgatch o.fl., 1999; Patterson o.fl., 1992; Rains o.fl., 2021). Í hverjum tíma, sem fram fer vikulega er unnið eftir dagskrá, samhliða því að bregðast við þörfum foreldra. Auk styðjandi uppeldisaðferða er er lögð áhersla á skýr fyrirmæli, vinnu með tilfinningar, samvinnu heimilis og skóla, samskiptatækni og skráningu hegðunar, sem allt styður við og hefur áhrif á virkni meginþáttanna fimm. Foreldrar fá verkefni vikulega til að æfa sig á milli meðferðartíma og fá símtöl frá meðferðaraðila sem aðstoðar við möguleg vandamál sem gætu komið upp (Forgatch og Patterson, 2010; Patterson og Forgatch, 2005; Rains o.fl. 2021).

Í þessari rannsókn er um að ræða hópmeðferð þar sem efni hvers tíma er sérstaklega sett í samhengi við skólaforðun. Foreldrar hitta meðferðaraðila vikulega í 12 skipti og hver tími tekur um 90 mínútur. Handbækur og námsefni fyrir foreldrana var þýtt yfir á íslensku og aðlagð fyrir

Íslenskar aðstæður. PMTO meðferðaraðilar eru markvisst þjálfaðir í aðferðinni, samkvæmt alþjóðlegum stöðlum, og eru flestir sálfræðingar eða félagsráðgjafar.

Framkvæmd

Framkvæmdin verður þannig að ráðgjafar tiltekinnar þjónustueiningar vísa foreldrum í PMTO-hópmeðferðina. Meðferðaraðilar fara yfir málið og bjóða þátttakendum í hópinn að uppfylltum skilyrðum. Meðferðaraðilar munu einnig sjá um að foreldrar sem samþykkja þátttöku í rannsókninni undirriti yfirlýsingu um upplýst samþykki. Mat á fýsileika og árangri úrræðis fer fram á eftirfarandi hátt: 1) Á kynningarfundum áður en hópurinn hefst formlega; 2) í upphafi og lok hvers tíma; 3) á hópfunni að loknum síðasta tíma. Í hvert skipti sem hópurinn hittist verða lagðir spurningalistar fyrir foreldra. Ef um er að ræða meira en eitt foreldri með hverju barni þá svarar hvort foreldri um sig um barnið.

Sérhvert foreldri sem samþykkir þátttöku fær úthlutað þáttökunúmeri, sem er notað í öllu ferlinu. Svör hvers og eins þátttakanda verða þar með dulkóðuð og persónugreinanlegar upplýsingar um þátttakendur aðgreindar frá öðrum rannsóknargögnum. Svör þátttakanda við spurningalistum verða svo slegin inn og vistuð í REDCap, aðgangsstýrðum gagnagrunni sem krefst notendanafns og lykilorðs, undir þáttökunúmeri hvers þátttakanda (þ.e. dulkóðuð). Upplýsingar sem vistaðar eru í REDCap verða þannig ekki tengdar persónuupplýsingum um þátttakendur. Persónuupplýsingar um þátttakendur og dulkóðunarlykill, sem tengir saman persónuupplýsingar og þáttökunúmer, verða geymd á læstu drifi í Háskóla Íslands sem aðeins aðalrannsakendur hafa aðgang að. Farið verður með allar upplýsingar rannsóknarinnar sem trúnaðargögn.

Niðurstöður verða skoðaðar nákvæmlega að lokinni seinni mælingu og jöfnum höndum er fylgst með mætingu foreldra á námskeiðið og barns í skóla. Gögn sem meta fýsileika (ánægjulistar, mætingar foreldra og þátttaka í námskeiði og rýnihópaviðtal að námskeiði loknu) verða greind til að sjá hvernig úrræðið hentar hópnum og hvernig er mikilvægt að aðlaga. Matslistar sem meta árangur, PPI, Eyberg, SLC og mætingar barna í skólann eru teknar saman þar sem skoðuð verða meðaltöl staðalfrávik hvers kvarða fyrir sig. Jafnframt verða áhrifastærðir reiknaðar (Cohen's *d*) og marktektarpróf, sem og klínísk marktekt. Þannig má sjá hversu vel mælitækin nema þær breytingar sem gert er ráð fyrir. Að þessu verki koma báðir ábyrgðarmaður

rannsóknar og nemendur þeirra. Nemendur undirrita trúnaðaryfirlýsingu og stefnt er að skrifum í ritrýnt tímarit í framhaldinu.

Að lokum

Að lokum er vert að leggja áherslu á gildi þessa verkefnis. Skólasóknarerfiðleikar eru alvarlegur vandi sem brýnt er að fyrirbyggja og leita lausna á, enda geta þeir haft afdrifaríkar og langvarandi afleiðingar fyrir heilsu og lífsgæði barna bæði til skemmri og lengri tíma. Gagnreynda foreldrafærniþrógrammið PMTO á sér langa og farsæla sögu hérlandis en hingað til hefur ekki verið athugað hvort og þá hvernig það gæti komið að gagni við þessum vanda. Ef í ljós kemur að PMTO reynist áhrifaríkt gegn erfiðleikum við skólasókn mætti aðlaga það sem víðast um land og kynna niðurstöður fyrir öðrum löndum Evrópu og jafnvel víðar í heiminum.

Heimildir

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna (1948). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. París.

Sótt 17. apríl 2024 af <https://www.un.org/en/about-us/universal-declaration-of-human-rights>

Ansari, A. og Gottfried, M. A. (2021). The grade-level and cumulative outcomes of absenteeism. *Child Development*, 92, e548–e564. <https://doi.org/10.1111/cdev.13555>

Ansari, A., Hofkens, T. L. og Pianta, R. C. (2020). Absenteeism in the first decade of education forecasts civic engagement and educational and socioeconomic prospects in young adulthood. *Journal of Youth and Adolescence*, 49(9), 1835–1848. <https://doi.org/10.1007/s10964-020-01272-4>

Ansari, A. og Pianta, R. C. (2019). School absenteeism in the first decade of education and outcomes in adolescence. *Journal of School Psychology*, 76, 48–61. <https://doi.org/10.1016/j.jsp.2019.07.010>

Berglind Berndsen Sveinbjörnsdóttir, Margrét Sigmarsdóttir og Anna-Lind Pétursdóttir (2019). Mat á foreldrafærni og hegðun barns með beinu áhorfi: Mælitæki aðlagð að íslenskum aðstæðum. *Glæður*, 29, 36–45.

Cai, Q., Chan, A. C., Lee, S. K., Marsalis, S. og Gewirtz, A. H. (2022). Effectiveness of GenerationPMTO to promote parenting and child adjustment: A meta-analytic review. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 25(4), 702–719. <https://doi.org/10.1007/s10567-022-00400-9>

Carminucci, J., Hodgman, S., Rickles, J. og Garet, M. (2021). *National survey of public education's response to COVID-19: Student attendance and enrollment loss in 2020–2021*. Sótt 18. apríl 2024: https://www.air.org/sites/default/files/2021-07/research-brief-covid-survey-student-attendance-june-2021_0.pdf

Chockalingam, M., Skinner, K., Melvin, G. og Yap, M. B. (2023). Modifiable parent factors associated with child and adolescent school refusal: A systematic review. *Child Psychiatry & Human Development*, 54(5), 1459–1475. <https://doi.org/10.1007/s10578-022-01358-z>

Derogatis, L. R., Lipman, R. S., Rickels, K., Uhlenhuth, E. H. og Covi, L. (1974). The Hopkins Symptom Checklist (HSCL): A self-report symptom inventory. *Behavioral Science*, 19(1), 1–15. <https://doi.org/10.1002/bs.3830190102>

- Domenech Rodríguez, M. M., Sigmarisdóttir, M., Forgatch, M. S. og Rains, L. A. (2020). *Family Interaction Brief Rating Scale (FIBRS): For research & intervention evaluation professional manual* [óútgefin kóðunarhandbók]. Implementation Sciences International, Inc. Eugene, OR.
- Egger, H. L., Costello, E. J. og Angold, A. (2003). School refusal and psychiatric disorders: a community study. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 42(7), 797–807. <https://doi.org/10.1097/01.CHI.0000046865.56865.79>
- Elliott, J. G. og Place. M. (2019). Practitioner review: School refusal: Developments in conceptualisation and treatment since 2000. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 60(1), 4-15. <https://doi.org/10.1111/jcpp.12848>
- Eyberg S. M. og Pincus D. B. (1999). *Eyberg Child Behavior Inventory and Sutter-Eyberg Behavior Inventory-revised: Professional manual*. Psychological Assessment Resources.
- Forgatch, M. S. og DeGarmo, D. S. (1999). Parenting through change: An effective prevention program for single mothers. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 67(5), 711–724. <https://doi.org/10.1037/0022-006X.67.5.711>
- Forgatch, M. S., og Patterson, G. R. (2010). Parent Management Training—Oregon Model: An intervention for antisocial behavior in children and adolescents. Í J. R. Weisz og A. E. Kazdin (ritstjórar), *Evidence-based psychotherapies for children and adolescents* (2. útgáfa, bls. 159–178). New York: Guilford.
- Gerth, M. (2022). Does truancy make the delinquent? A situational and longitudinal analysis of the truancy–delinquency relationship. *European Journal of Criminology*, 19(5), 1205-1224. <https://doi.org/10.1177/1477370820952681>
- Heyne, D., Gren-Landell, M., Melvin, G. og Gentle-Genitty, C. (2019). Differentiation between school attendance problems: Why and how? *Cognitive and Behavioral Practice*, 26(1), 8-34. <https://doi.org/10.1016/j.cbpra.2018.03.006>
- Heyne, D., Strömbeck, J., Alanko, K., Bergström, M. og Ulriksen, R. (2020). A scoping review of constructs measured following intervention for school refusal: Are we measuring up? *Frontiers in Psychology*, 11, 1744. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.01744>
- Kazdin, A. E. (2005a). Child, parent, and family-based treatment of aggressive and antisocial child behavior. Í E. D. Hibbs og P. S. Jensen (ritstjórar), *Psychosocial treatments for child*

and adolescent disorders: Empirically based strategies for clinical practice (bls. 445–476). American Psychological Association.

Kazdin, A. E. (2005b). *Parent management training: Treatment for oppositional, aggressive, and antisocial behavior in children and adolescents*. New York: Oxford University Press.

Kearney, C. A. (2001). *School refusal behavior in youth: A functional approach to assessment and treatment*. American Psychological Association.

Kearney, C. A. (2022). Functional impairment guidelines for school attendance problems in youth: Recommendations for caseness in the modern era. *Professional Psychology: Research and Practice*, 53(3), 295–303. <https://doi.org/10.1037/pro0000453>

Kearney, C. A. og Silverman, W. K. (1990). A preliminary analysis of a functional model of assessment and treatment for school refusal behavior. *Behavior Modification*, 14(3), 340–366. <https://doi.org/10.1177/01454455900143007>

Kearney, C. A., González, C., Graczyk, P. A. og Fornander, M. J. (2019). Reconciling contemporary approaches to school attendance and school absenteeism: Toward promotion and nimble response, global policy review and implementation, and future adaptability (Part 1). *Frontiers in Psychology*, 10, 2222. <https://doi.org/10.3389/fpsyg.2019.02222>

Kearney, C. A., Dupont, R., Fensken, M. og Gonzálves, C. (2023a). School attendance problems and absenteeism as early warning signals: Review and implications for health-based protocols and school-based practices. *Frontiers in Education*, 8, 1253595. <https://doi.org/10.3389/educ.2023.1253595>

Kearney, C. A., Childs, J. og Burke, S. (2023b). Social forces, social justice, and school attendance problems in youth. *Contemporary School Psychology*, 27, 126–151. <https://doi.org/10.1007/s40688-022-00425-5>

Kouroupa, A., Allard, A., Gray, K., Hastings, R. P., Heyne, D., Melvin, G. A., Tonge, B. og Totsika, V. (2023). The association between home learning during COVID-19 lockdowns and subsequent school attendance among children with neurodevelopmental conditions. *Child: Care, Health and Development*, 49(5), 846–851. <https://doi.org/10.1111/cch.13113>

Kópavogsbær. (e.d.). *Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn*. Sótt 18. apríl 2024: <https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/vidbrogd-vid-ofullnaegjandiskolasokn-2020.pdf>

- Lomholt, J. J., Johnsen, D. B., Silverman, W. K., Heyne, D., Jeppesen, P. og Thastum, M. (2020). Feasibility study of Back2School, a modular cognitive behavioral intervention for youth with school attendance problems. *Frontiers in Psychology*, 11, 586.
<https://doi.org/10.3389/fpsyg.2020.00586>
- Margrét Sigmarsdóttir. (2016). Foreldrafærni - Oregon-aðferðin: Bakgrunnur, innleiðing og áhrif á Íslandi. Í Andri S. Björnsson, Guðfinna Eydal og Katrín Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Af sál* (bls. 133–148). Reykjavík: Háskólaútgáfan
- Maynard, B. R., McCrea, K. T., Pigott, T. D. og Kelly, M. S. (2013). Indicated truancy interventions for chronic truant students: A Campbell systematic review. *Research on Social Work Practice*, 23(1), 5-21. <https://doi.org/10.1177/1049731512457207>
- Maynard, B. R., Brendel, K. E., Bulanda, J. J., Heyne, D., Thompson, A. M. og Pigott, T. D. (2015). Psychosocial interventions for school refusal with primary and secondary school students: A systematic review. *Campbell Systematic Reviews*, 11(1), 1–76.
<https://doi.org/10.4073/csr.2015.12>
- Maynard, B. R., Vaughn, M. G., Nelson, E. J., Salas-Wright, C. P., Heyne, D. A. og Kremer, K. P. (2017). Truancy in the United States: Examining temporal trends and correlates by race, age, and gender. *Children and Youth Services Review*, 81, 188–196.
<https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2017.08.008>
- Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðarbæjar (2019). *Reglur um skólahverfi, umsóknir og innritun í grunnskóla Hafnarfjarðar*, Sótt 18. apríl 2024; https://hafnarfjordur.is/wp-content/uploads/2022/11/Verklagsreglur_skolavist-i-grunnskolum-Hafnarfjardar-2019_LOK-a-vefUppfaertApril2021.pdf
- Patterson, G. R. og Forgatch, M. S. (2005). *Parents and adolescents living together. Part 1: The basics*. Champaign, IL: Research Press.
- Patterson, G., Reid, J. B. og Dishion, T. J. (1992). *A social interactional approach: Vol. 4. Antisocial boys*. Eugene, Oregon: Castalia Publishing Company.
- Rains, L. A., Sigmarsdóttir, M., og Forgatch, M. S. (2021). Development and implementation of an evidence-based parent management training intervention: GenerationPMTO. Í M. E. Feinberg (ritstjóri), *Designing evidence-based public health and prevention programs: Expert program developers explain the science and art* (bls. 72–91). New York City: Routledge.

Reid, M. J., Webster-Stratton, C. og Beauchaine, T. P. (2001). Parent training in Head Start: A comparison of program response among African American, Asian American, Caucasian, and Hispanic mothers. *Prevention Science*, 2(4), 209–227.

<https://doi.org/10.1023/a:1013618309070>

Reissner, V., Jost, D., Krahn, U., Knollmann, M., Weschenfelder, A. K., Neumann, A., Wasem, J. og Hebebrand, J. (2015). The treatment of school avoidance in children and adolescents with psychiatric illness. *Deutsches Arzteblatt International*, 112(39), 655–662.

<https://doi.org/10.3238/arztebl.2015.0655>

Reykjavíkurborg (2019). *Viðmið um skólasókn í grunnskólum Reykjavíkurborgar*. Sótt 18. apríl 2024:

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/174_3.1_lokaskýrsla_samthykkt_af_starfshopi_002.pdf

Salvia, J. og Ysseldyke, J. E. (2001). *Assessment* (8. útgáfa). Princeton, NJ: Houghton Mifflin.

Sigmarsdóttir, M., DeGarmo, D. S., Forgatch, M. S. og Guðmundsdóttir, E. V. (2013). Treatment effectiveness of PMTO for children's behavior problems in Iceland: Assessing parenting practices in a randomized controlled trial. *Scandinavian Journal of Psychology*, 54(6), 468–476. <https://doi.org/10.1111/sjop.12078>

Sigmarsdóttir, M. og Björnsdóttir, A. (2012). Community implementation of PMTO™: Impacts on referrals to specialist services and schools. *Scandinavian Journal of Psychology*, 53(6), 506–511. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9450.2012.00974.x>

Sigmarsdóttir, M., Thorlaciús, Ö., Guðmundsdóttir, E. V. og DeGarmo, D. S. (2015). Treatment effectiveness of PMTO for children's behavior problems in Iceland: child outcomes in a nationwide randomized controlled trial. *Family Process*, 54(3), 498–517.

<https://doi.org/10.1111/famp.12109>

Strand, B. H., Dalgard, O. S., Tambs, K. og Rognerud, M. (2003). Measuring the mental health status of the Norwegian population: A comparison of the instruments SCL-25, SCL-10, SCL-5 and MHI-5 (SF-36). *Nordic Journal of Psychiatry*, 57(2), 113–118.

<https://doi.org/10.1080/08039480310000932>

Strömbeck, J., Palmér, R., Sundberg Lax, I., Fäldt, J., Karlberg, M. og Bergström, M. (2021). Outcome of a multi-modal CBT-based treatment program for chronic school refusal.

Global Pediatric Health, 8, 2333794X211002952.

<https://doi.org/10.1177/2333794X211002952>

Tonge, B. J. og Silverman, W. K. (2019). Reflections on the field of school attendance problems: For the times they are a-changing? *Cognitive and Behavioral Practice*, 26(1), 119–126.

<https://doi.org/10.1016/j.cbpra.2018.12.004>

Tømmerås, T., Kjøbli, J., og Forgatch, M. (2018). Benefits of child behavior interventions for parent well-being. *Family Relations*, 67(5), 644–659. <https://doi.org/10.1111/fare.12344>

Velferðarvaktin. (2019). *Rannsókn á skólasókn - skólaleyfi og skólaforðun*. Maskína. Sótt 18. apríl 2024: [https://www.stjornarradid.is/library/04-](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/2019-03-11-Velfer%c3%b0arvaktin-Sk%c3%b3las%c3%b3kn-Mask%c3%adnusk%c3%bdrsla%20-%20Copy%20(1).pdf)

[Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/2019-03-11-Velfer%c3%b0arvaktin-Sk%c3%b3las%c3%b3kn-Mask%c3%adnusk%c3%bdrsla%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/2019-03-11-Velfer%c3%b0arvaktin-Sk%c3%b3las%c3%b3kn-Mask%c3%adnusk%c3%bdrsla%20-%20Copy%20(1).pdf)

Webster-Stratton, C. (1998). Preventing conduct problems in Head Start children: Strengthening parenting competencies. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 66(5), 715–730.

<https://doi.org/10.1037//0022-006x.66.5.715>



**SAMÞÆTTING SMT-SKÓLAFÆRNI OG KENNSLU Í FÉLAGS- OG
TILFINNINGAFÆRNI: MAT Á FÝSILEIKA OG AÐLÖGUN MEÐ DAM AÐFERÐ**

LÝSING Á VERKEFNI

Samantekt: Dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, sálfræðingur og dósent, og dr. Margrét Sigmarsdóttir, sálfræðingur og prófessor, Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Samantekt

Í þessari rannsókn verður samþætting SMT-skólafærni/PBIS og almennrar kennslu í félags- og tilfinningafærni (geðrækt) metin. Gögnum verður safnað frá 11 grunnskólum í þremur sveitarfélögum (Akureyri, Hafnarfirði og Reykjanesbæ) með eftirfarandi markmið að leiðarljósi: 1) Hver er fýsileiki almennrar kennslu í félags- og tilfinningafærni (geðræktar) í skólunum sem eiga sér langa sögu um SMT-skólafærni/PBIS? 2) Hver er staða SMT-skólafærni í þátttökuskólum áður og eftir að geðræktarkennslan fer fram? 3) Hvaða breytur innan skólanna hafa áhrif á útkomu hvors um sig? Rannsóknin er unnin á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ábyrgðaraðilar eru dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir dósent og sálfræðingur og dr. Margrét Sigmarsdóttir prófessor og sálfræðingur, í samstarfi við Miðstöð PMTO-FORELDRAFÆRNI og áðurnefnd sveitarfélög / grunnskóla.

SAMÞÆTTING SMT-SKÓLAFÆRNI OG KENNSLU Í FÉLAGS- OG TILFINNINGAFÆRNI: MAT Á FÝSILEIKA OG AÐLÖGUN MEÐ DAM AÐFERÐ

Undanfarin ár hafa áhyggjur af geðheilsu barna og ungmenna aukist og ákall hefur verið um markvissari stuðning við líðan þeirra og samskiptafærni (Greenberg o.fl., 2017; World Health Organization, 2021), meðal annars á Íslandi (Anna Rut Pálmadóttir o.fl., 2024). Í þessu samhengi hefur einkum verið horft til skólaumhverfisins sem ákjósanlegs vettvangs forvarna og stuðnings á þessu sviði fyrir öll börn. SMT-skólafærni (e. Positive Behavioral Interventions and Support; PBIS) er árangursrík, þrepaskipt heildarskólanálgun sem á sér rúmlega tveggja áratuga sögu innleiðingar á Íslandi (Frímannsdóttir og Sigmarsdóttir, í prentun; Margrét Sigmarsdóttir, 2016). Fjölmargar rannsóknir, svo sem á Norðurlöndum, víðar í Evrópu og í Bandaríkjunum, hafa sýnt að SMT-skólafærni eflir ýmsa verndandi þætti og dregur úr áhættuþáttum í lífi barna ef vel er staðið að innleiðingu hennar (Lee og Gage, 2020; Sørli og Ogden, 2015). Rannsóknir víða um heim hafa einnig sýnt fram á ávinning af geðrækt (e. mental health promotion) eða almennri kennslu í félags- og tilfinningafærni (e. social-emotional learning; SEL), svo sem jákvæðari skólabrag og bætta líðan og samskipti (Cipriano o.fl., 2023; Durlak o.fl., 2011, 2022; Taylor o.fl., 2017). Vísbendingar eru um að með markvissri samþættingu áhrifaríkrar, þrepaskiptrar heildarskólanálgunar, svo sem SMT-skólafærni, og vandaðrar kennslu í félags- og tilfinningafærni, megi hafa meiri jákvæð áhrif á horfur og líðan barna og ungmenna en með hvorri aðferð í sínu lagi (Cook o.fl., 2015; Zhang o.fl., 2023).

SMT-skólafærni, félags- og tilfinningafærni (SEL) og DAM-aðferð með námsefninu „Leikni til lífs“

SMT-skólafærni (PBIS) byggist á þrepaskiptu forvarnalíkani þar sem skýrar væntingar um hegðun og félagsfærni eru undirstaða (Horner og Sugai, 2015; Sprague og Golly, 2004). Þrepaskipting SMT-skólafærni felst í almennum stuðningi á fyrsta þrepi við jákvæða hegðun barnahópsins í heild, auk umfangsmeiri stuðnings á öðru og þriðja þrepi við smærri hóp barna sem hafa ríkari stuðningsþarfir á sviði hegðunar. Unnið er með ákveðna lykilþætti (Lewis o.fl., 2010) og mótað er teymi, skipað fulltrúum úr þverfaglegum hópi starfsfólks og stjórnenda, sem hefur umsjón með verkefninu innan skólans og annast fræðslu og handleiðslu samstarfsfólks (Sprague og Golly, 2004). Starfsfólk skóla vinnur svo saman að því að ákveða, þróa og aðlaga væntingar um jákvæða hegðun. Hegðunin er kennd og gerð sýnileg, auk þess sem starfsfólk

þjálfar nemendur með skýrum fyrirmælum og styður við jákvæða hegðun þeirra. Í framhaldinu er unnið með skipulagða og markvissa hvatningu þar sem megináhersla er lögð á að veita jákvæðri hegðun athygli og stuðla þannig að jákvæðum skólabrag. Viðbrögð starfsfólks við frávikum frá væntingum eru gerð skýr, þau aðlöguð og kynnt fyrir nemendum og starfsfólki (Sprague og Golly, 2004). Allar aðgerðir skólans eru í þessum anda og enn markvissari ef nemendur sýna frávik í hegðun og þá eru foreldrar enn ríkari þátttakendur í viðbrögðum (Sprick o.fl., 1998).

Margar rannsóknir hafa sýnt jákvæðar breytingar á skólastarfi í kjölfar innleiðingar SMT-skólafærni (PBIS). Í því samhengi er vert að nefna norska langtímarannsókn Sørlie og Ogden (2015), þar sem rúmlega 1200 kennarar og 7640 nemendur á aldrinum 9-12 ára í alls 48 skólum svöruðu spurningalistum. Fram kom að í skólum sem höfðu innleitt SMT-skólafærni batnaði hegðun nemenda, félagsfærni jókst, bekkjarstjórnun varð markvissari og andrúmsloft í skólastofu jákvæðara, miðað við skóla sem studdust ekki við SMT-skólafærni. Enn nýrri norsk rannsókn sömu rannsakenda (Ogden og Sørlie, 2024), varpar frekara ljósi á áhrif aðferðarinnar í Noregi, en hún sýndi að innleiðing aðferðarinnar dregur verulega úr óæskilegri hegðun og námsumhverfi batnar og félagsleg tengsl innan bekkja batna. Í grein Leifs Garðarssonar og félaga (2022) er sagt frá viðtalsrannsókn þar sem rætt var við stjórnendur í SMT-skólum þar sem aðferðin hafði verið til staðar um langt skeið. Fram kom að mikil þekking hefði skapast innan skólanna og almennt væri litið á SMT-skólafærni sem ákjósanlegan kost til þess að mæta þörfum allra barna.

Þroski og þróun félags- og tilfinningafærni (e. social emotional learning; SEL) í bernsku og fram á fullorðinsár eru gjarnan talin meðal helstu forsendna jákvæðrar sjálfsmyndar, uppbyggilegra samskipta og samstarfs við aðra, heilbrigðrar tilfinningastjórnar, samkenndar og virðingar í garð annarra, skynsemi og ábyrgðar (Collaborative for Academic, Social, and Emotional Learning [CASEL], 2024; Mahoney o.fl., 2021). Þótt foreldrar séu frumáhrifavaldar félags- og tilfinningaþroska barna sinna gefast einnig mörg tækifæri innan skólans til að hafa jákvæð áhrif á þessa þætti, bæði til skemmri og lengri tíma (Cipriano o.fl., 2023; Durlak o.fl., 2011, 2022; Taylor o.fl., 2017). Síðastliðin ár hafa æ fleiri rannsóknir sýnt að almenn (e. universal) kennsla í SEL, sem einnig er oft kölluð geðrækt (e. mental health promotion), hefur lýðheilsu- og forvarnagildi (Duncan o.fl., 2017; Greenberg o.fl., 2017). Jafnframt benda hagrænar greiningar til þess að fjárfesting í SEL-kennslu sé ábatasöm (Belfield o.fl., 2015). Meðal annars hefur komið í ljós að börn sem hafa notið SEL-kennslu sýna að jafnaði meiri félags- og tilfinningafærni, hafa jákvæðari viðhorf til sjálfra sín og annarra, eiga farsælli samskipti við aðra,

eiga síður við tilfinninga- og hegðunarerfiðleika að stríða, eru ólíklegri til andfélagslegrar hegðunar og ná meiri námsárangri en börn sem hafa ekki hlotið slíka kennslu (Cipriano o.fl., 2023; Durlak o.fl., 2011, 2022; Taylor o.fl., 2017). Ef innleiðing SEL-kennslu í almennum skólastarfi, sem nær til allra barna, tekst vel er því til mikils að vinna fyrir samfélagið.

CASEL, sem eru meðal stærstu samtaka fræða- og fagfólks á sviði félags- og tilfinningafærni, hafa skilgreint fimm helstu kjarnaþætti hennar, það er sjálfsvitund (e. self-awareness), sjálfstjórn (e. self-management), félagsvitund (e. social awareness), samskiptafærni (e. relationship skills) og ábyrgð og skynsemi (e. responsible decision-making) (sjá t.d. Niemi, 2020). Með öðrum orðum má því segja að SEL snúist um leikni í að hlúa bæði að sjálfum sér og eigin hegðun og líðan (e. intrapersonal skills) og öðrum, með jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum (e. interpersonal skills).

Til þess að stuðla að sem mestum þroska félags- og tilfinningafærni barna er almennt talið að bæði þurfi að kenna færni sérstaklega og markvisst í afmörkuðum kennslustundum í skólanum og jafnframt að allt skólastarf, samstarf við foreldra og samfélagið í heild undirbyggji þessa færni (Greenberg o.fl., 2017). Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að mikilvægt sé að SEL-námsefni fylgi ákveðnum viðmiðum um skipulag og framsetningu, SAFE (e. sequenced, active, focused, explicit; Durlak o.fl., 2010; 2011). Í því felst að námsefnið stuðli að því að félags- og tilfinningafærni sé byggð upp skipulega, skref fyrir skref, þar sem byrjað er á einfaldari færni áður en flóknari færni er kennd (e. sequenced); að nemendur fái fjölda tækifæra til að taka virkan þátt í kennslustundinni og æfa færni (e. active); að hver færniþáttur fái nægan tíma og skýr áhersla sé lögð á tilfinninga- og félagsfærni (e. focused) og að skýrt sé hverju sinni að hvaða tilteknu færni er unnið (e. explicit; Durlak o.fl., 2010; 2011).

Mikill skortur er á rannsóknum á SEL-kennslu hérlandis. Þó sýndi nýleg úttekt á heildarskólanálgunum og námsefni til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í íslenskum skólum að gæði aðferðanna og efnisins sem stuðst er við eru í mörgum tilvikum takmörkuð eða óljós (Sigrún Daníelsdóttir o.fl., 2020). Niðurstöður úttektarinnar sýndu einnig að framboð SEL-námsefnis fyrir eldri nemendur, það er í unglingadeildum grunnskóla og á framhaldsskólastigi, er mjög takmarkað. Þetta er óheppilegt þar sem vel er þekkt að tilfinningalegir erfiðleikar láta á sér kræla í auknum mæli þegar komið er á unglingsár (Jones, 2013; Solmi o.fl., 2022) og þörfin fyrir árangursríkar forvarnir því mikil. Unnið er að úrbótum á þessu, meðal annars með íslenskrí þýðingu og útgáfu bandaríska námsefnisins *Dialectical*

Behavior Therapy Skills Training for Emotional Problem Solving for Adolescents (DBT STEPS-A), sem fengið hefur íslenska vinnuheitið „Leikni til lífs“, og eru í vinnslu þegar þetta er ritað (sjá t.d. meistararitgerð Ásdísar Jónu Björnsdóttur, 2023).

Díalektísk atferlismeðferð (DAM; *dialectical behavior therapy*) er vel rannsakað úrræði sem sýnt hefur verið að dregur marktækt úr sjálfsvígshugsunum og -hegðun og miklum tilfinningaerfiðleikum, bæði meðal fullorðinna (DeCou o.fl., 2019; Linehan o.fl., 2015) og unglunga (Kothgassner o.fl., 2021; McCauley o.fl., 2018). Auk þess að gefast vel sem meðferðarform við alvarlegum tilfinningaerfiðleikum hefur DAM verið þróað og aðlagð til að nýtast á fleiri vegu, meðal annars sem almennt námsefni (e. *universal curriculum*) í félags- og tilfinningafærni undir heitinu DBT STEPS-A (Mazza o.fl., 2016), sem fengið hefur íslenska vinnuheitið „Leikni til lífs“. Náms efnið inniheldur fjóra meginefnisþætti; núvitund (e. mindfulness), streituból (e. distress tolerance), tilfinningastjórn (e. emotion regulation) og samskiptafærni (e. interpersonal effectiveness). Markmið efnisins er að nemendur tileinki sér færni þannig að hún nýtist þeim í athöfnum daglegs lífs og hjálpi þeim að fyrirbyggja og draga úr tilfinninga- og hegðunarerfiðleikum (Mazza o.fl., 2016). Erlendar rannsóknir gefa til kynna að innleiðing Leikni til lífs sé fýsileg (Chugani o.fl., 2021; Hastings o.fl., 2022) og að hún tengist framförum í líðan, viðhorfum, hegðun og færni nemenda, meðal annars í Bandaríkjunum, Írlandi og á Spáni (Flynn o.fl., 2018; Gasol o.fl., 2022; Martinez o.fl., 2022).

Með tilliti til lýðheilsusjónarmiða og skilvirkni hefur í auknum mæli verið horft til þess að SEL-kennsla í skólum fylgi skipulagi þrepaskipts stuðnings (McCart og Choi, 2020; Vetter o.fl., 2024) rétt eins og SMT-skólafærni, þar sem almenn kennsla á fyrsta þrepi – sem öll börn njóta – er undirstaða árangurs (Greenberg o.fl., 2017) og auk þess mikilvægur grunnur að viðbótarstuðningi fyrir börn sem á þurfa að halda. Enn fremur benda rannsóknir til þess að ávinningur samþættingar SEL-kennslu og þrepaskiptrar heildarskólanálgunar á borð við SMT-skólafærni (PBIS) sé marktækt meiri en þegar önnur hvor aðferðin er innleidd án hinnar (Cook o.fl., 2015; Zhang o.fl., 2023). Vegna langrar reynslu af árangursríkri innleiðingu SMT-skólafærni á Íslandi (Frímannsdóttir og Sigmarsdóttir, í prentun) og ákalls um aukinn stuðning við tilfinningar og líðan barna (Anna Rut Pálmadóttir o.fl., 2024; Greenberg o.fl., 2017; WHO, 2021) auk mögulegs ábata af almennri SEL-kennslu (Belfield o.fl., 2015) er rík ástæða til að rannsaka samþættingu þessara aðferða hér á landi. Enn fremur hefur verið kallað eftir því að stuðningur við innleiðingu SMT-skólafærni verði aukinn, til þess að ná fram sem mestum

jákvæðum áhrifum aðferðarinnar í þágu bæði nemenda og starfsfólks skóla (Leifur S. Garðarsson o.fl., 2022). Til þess að koma til móts við ákall skólasamfélagsins um árangursríkar forvarnir og stuðning við hegðun og tilfinningar barna, einkum á efri stigum grunnskóla, verður samþætting SMT-skólafærni og SEL-kennslu með DAM-aðferð (þ.e. námsefninu Leikni til lífs), könnuð í þessari rannsókn.

Hér á eftir er framkvæmd rannsóknar á samþættingu SMT-skólafærni og SEL-kennslu lýst. Markmiðið er að leita svara við eftirfarandi spurningum: 1) Hver er fýsileiki almennrar kennslu í félags- og tilfinningafærni (geðræktar) í skólum sem eiga sér langa sögu um SMT-skólafærni/PBIS? 2) Hver er staða SMT-skólafærni í þátttökuskólum áður og eftir að geðræktarkennsla fer fram? 3) Hvaða breytur innan skólanna hafa áhrif á útkomu hvors um sig?

Rannsóknin er unnin á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, ábyrgðaraðilar eru dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir sálfræðingur og dósent og dr. Margrét Sigmarsdóttir sálfræðingur og prófessor í samstarfi við sveitarfélögin og skólana sem taka þátt.

Aðferð

Þátttakendur

Skólum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði verður boðin þátttaka: a) Hafa að lágmarki fimm ára reynslu af innleiðingu SMT-skólafærni/PBIS; b) eru enn virkir í innleiðingu SMT-skólafærni/PBIS og c) hafa áhuga á innleiðingu SEL-kennslu með efninu Leikni til lífs.

Samþykkis fyrir þátttöku í rannsókninni verður aflað hjá fræðslufirvöldum í hverju sveitarfélagi fyrir sig, stjórnendum þátttökuskóla og kennurum sem annast munu geðræktarkennslu. Stefnt er að því að lífsleiknikennarar á miðstigi í þátttökuskólum sækja námskeið í kennslu Leikni til lífs-efnisins í janúar 2025 og hefji kennslu þess með grunnskólanemendum sínum í beinu framhaldi. Auk þjálfunar við upphaf kennslu efnisins munu kennarar í þátttökuskólum njóta reglulegrar handleiðslu yfir skólaárið, meðan á kennslu stendur.

Mælitæki

Bakgrunnsupplýsingar. Hjá þátttökuskólum verður spurt um helstu þætti eins og stærð skóla og staðsetningu og hversu lengi þeir hafa tekið þátt í SMT. Eins verður spurt um bakgrunnþætti kennara sem sinna SEL-kennslu, svo sem starfsreynslu, kyn, lífaldur o.fl. Þátttökukennarar verða beðnir um að svara þessum spurningum, með aðstoð skólastjórnaða eftir því sem við á.

AIM-listi (e. Acceptability of Intervention Measure, Intervention Appropriateness Measure of Feasibility of Intervention Measure; Weiner o.fl., 2017) felur í sér mat á því hversu hentug, viðeigandi og fýsileg innleiðing tiltekins efnis eða aðferðar er. Listinn inniheldur 12 fullyrðingar sem svarendur taka afstöðu til á fimm punkta svarkvarða, frá „mjög ósammála“ til „mjög sammála“. Niðurstöður Weiner o.fl. (2017) gáfu til kynna að AIM-listinn hefði gott hugsmíðar- og innihaldsréttmæti, endurprófunar- og innri áreiðanleika, auk þess að henta vel til að meta innleiðingu, án tillits til aðferðarinnar/efnisins sem innleitt er. Fyrstu drög að íslenskri þýðingu listans verða lögð fyrir kennara sem annast SEL-kennslu í þátttökuskólum og þeir beðnir um að svara listanum rafrænt.

SET-listi (School-Wide Evaluation Tool; Sugai o.fl., 2001) metur tryggð við framkvæmd SMT-skólafærni. SET-listinn hefur verið nýttur hérlandis í þessum tilgangi frá árinu 2007 og fyrri athuganir hafa sýnt fram á áreiðanleika og réttmæti hans (Sugai o.fl., 2001). Hann inniheldur sjö undirkrvarða sem saman mynda heildarmat á tryggð við framkvæmd SMT-skólafærni. Miðað er við að ef 80% árangur mælist á bæði undirkvörðum og heildarkvarða teljist tryggð við framkvæmd góð (Horner o.fl., 2004)

Mat á tryggð við framkvæmd SEL-kennslu (e. fidelity) – Spurningalistar verða lagðir fyrir þátttökukennara sem beinast að því að þeir meti sjálfir að hversu miklu leyti þeir fylgdu kennsluleiðbeiningum eins og til var ætlast. Spurningalistarnir verða útbúnir að fyrirmynd mats á tryggð við aðferð PMTO-foreldrafærni.

Mat á tryggð kennara við aðferðina fer fram reglulega á kennslutímabilinu. SET-listinn verður lagður fyrir í nóvember 2024 og svo aftur á vorönn 2025. AIM listinn verður lagður fyrir að lokinni SEL-kennslu.

Framkvæmd

Eftirfarandi tímaáætlun gefur mynd af ferlinu: 1) Kynningar fara fram fyrir PBIS/SMT-skóla (október 2024); 2) SET-listinn verður lagður fyrir þátttökuskóla (nóvember 2024); 3) verkefnislýsing verður tilbúin (nóvember 2024); 4) samráð og undirbúningur námskeiðs í SEL-kennslu (DAM-aðferð) (desember 2024); 5) námskeið fer fram fyrir skóla í DAM-aðferð (janúar 2025); 6) kennsla hefst í beinu framhaldi af námskeiði, samhliða handleiðslu og kennarar svara

listum til að meta tryggð við aðferð; 7) seinni SET listi er lagður fyrir í maí; 8) unnið verður úr öllum gögnum og samantekt rituð; 9) að lokum verður verkið kynnt.

Einn mikilvægur þáttur í framkvæmdinni er að mánuðina sem SEL-kennsla á sér stað mun fara fram regluleg miðlun til alls starfsfólks varðandi SEL-efnið sem unnið er með hverju sinni. Þessi liður fer saman með þáttum SMT-skólafærni, eins og t.d. þegar minnt er á „reglu mánaðarins.“

Að lokum

Að lokum er vert að leggja áherslu á gildi þessa verkefnis. Eftir því sem við best vitum þá er þetta frumraun í því að flétta saman tveimur vel rannsökuðum aðferðum og innleiða í skólasamfélagið, með það að markmiði að stuðla að góðri hegðunar- og tilfinningalegri aðlögun barna á grunnskólaaldri. SMT-skólafærni á sér langa sögu héraðs og þess vegna er áhugavert að taka fyrsta skrefið í áttina að því að byggja innleiðingu SEL-úræðisins á þeim grunni. Ef reynslan verður jákvæð væri áhugavert að gera frekari athuganir og stærri.

Heimildir

- Anna Rut Pálmadóttir, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir. (2024). „Með eldmóð að reyna að bjarga þessum börnum“: Stuðningur við grunnskólabörn í Hafnarfirði. Handrit sent til ritrýni.
- Ásdís Jóna Björnsdóttir. (2023). *Mat grunnskólastarfsfólks á kennslu og innleiðingu geðræktarnámsefnisins „Leikni til lífs“* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/43384>
- Belfield, C., Bowden, A. B., Klapp, A., Levin, H., Shand, R. og Zander, S. (2015). The economic value of social and emotional learning. *Journal of Benefit-Cost Analysis*, 6(3), 508–544. <https://doi.org/10.1017/bca.2015.55>
- Collaborative for Academic, Social, and Emotional Learning (CASEL)H. (2024). *Fundamentals of SEL*. Sótt 21. september 2024 <https://casel.org/fundamentals-of-sel/>
- Chugani, C. D., Murphy, C. E., Talis, J., Miller, E., McAneny, C., Condosta, D., Kamnikar, J., Wehrer, E. og Mazza, J. J. (2021). Implementing dialectical behavior therapy skills training for emotional problem solving for adolescents (DBT STEPS-A) in a low-income school. *School Mental Health*, 14, 391–401. <https://doi.org/10.1007/s12310-021-09472-4>
- Cipriano, C., Strambler, M. J., Naples, L. H., Ha, C., Kirk, M., Wood, M., Sehgal, K., Zieher, A. K., Eveleigh, A., McCarthy, M., Funaro, M., Ponnock, A., Chow, J. C. og Durlak, J. (2023). The state of evidence for social and emotional learning: A contemporary meta-analysis of universal school-based SEL interventions. *Child Development*, 94(5), 1181–1204. <https://doi.org/10.1111/cdev.13968>
- Cook, C. R., Frye, M., Slemrod, T., Lyon, A. R., Renshaw, T. L. og Zhang, Y. (2015). An integrated approach to universal prevention: Independent and combined effects of PBIS and SEL on youths' mental health. *School Psychology Quarterly*, 30(2), 166–183. <https://doi.org/10.1037/spq0000102>
- DeCou, C. R., Comtois, K. A. og Landes, S. J. (2019). Dialectical behavior therapy is effective for the treatment of suicidal behavior: A meta-analysis. *Behavior Therapy*, 50(1), 60–72. <https://doi.org/10.1016/j.beth.2018.03.009>
- Duncan, R., Washburn, I. J., Lewis, K. M., Bavarian, N., DuBois, D. L., Acock, A. C., Vuchinich, S. og Flay, B. R. (2017). Can universal SEL programs benefit universally?

Effects of the positive action program on multiple trajectories of social-emotional and misconduct behaviors. *Prevention Science*, 18(2), 214–224.

<https://doi.org/10.1007/s11121-016-0745-1>

Durlak, J. A., Mahoney, J. L. og Boyle, A. E. (2022). What we know, and what we need to find out about universal, school-based social and emotional learning programs for children and adolescents: A review of meta-analyses and directions for future research. *Psychological Bulletin*, 148(11-12), 765–782. <https://psycnet.apa.org/doi/10.1037/bul0000383>

Durlak, J. A., Weissberg, R. P., Dymnicki, A. B., Taylor, R. D. og Schellinger, K. B. (2011). The impact of enhancing students' social and emotional learning: A meta-analysis of school-based universal interventions. *Child Development*, 82(1), 405–432.

<https://doi.org/10.1111/j.1467-8624.2010.01564>

Flynn, D., Joyce, M., Weihrauch, M. og Corcoran, P. (2018). Innovations in practice: Dialectical behaviour therapy – skills training for emotional problem solving for adolescents (DBT STEPS-A): evaluation of a pilot implementation in Irish post-primary schools. *Child and Adolescent Mental Health*, 23(4), 376-380. <https://doi.org/10.1111/camh.12284>

Frímannsdóttir, A. M. og Sigmarsdóttir, M. (í prentun). Implementation of evidence-based programs for behavior problems: SW-PBIS in relation to PMTO in community settings in Iceland. Í S. L. Goei og R. D. Pry (ritstjórar), *School-wide positive behavior interventions and supports: European research, applications, and practices*. Taylor & Francis.

Gasol, X., Navarro-Haro, M. V., Fernández-Felipe, I., García-Palacios, A., Suso-Ribera, C. og Gasol-Colomina, M. (2022). Preventing emotional dysregulation: Acceptability and preliminary effectiveness of a DBT skills training program for adolescents in the Spanish school system. *International Journal of Environmental Research and Public Health*, 19(1), 494. <https://doi.org/10.3390/ijerph19010494>

Greenberg, M. T., Domitrovich, C. E., Weissberg, R. P. og Durlak, J. A. (2017). Social and emotional learning as a public health approach to education. *The Future of Children*, 27(1), 13–32. <http://files.eric.ed.gov/fulltext/EJ1144819.pdf>

Hastings, S. E., Swales, M. A., Hughes, J. C., Jones, K. og Hastings, R. P. (2022). Universal delivery of a dialectical behaviour therapy skills programme (DBT STEPS-A) for adolescents in a mainstream school: feasibility study. *Discover Psychology*, 2(21).

<https://doi.org/10.1007/s44202-022-00021-x>

- Jones, P. B. (2013). Adult mental health disorders and their age at onset. *The British Journal of Psychiatry*, 202(s54), s5-s10. <https://doi.org/10.1192/bjp.bp.112.119164>
- Horner, R. H. og Sugai, G. (2015). School-wide PBIS: An example of applied behavior analysis implemented at a scale of social importance. *Behavior Analysis in Practice*, 8, 80–85. <https://doi.org/10.1007/s40617-015-0045-4>
- Horner, R. H., Todd, A. W., Lewis-Palmer, T., Irvin, L. K., Sugai, G. og Boland, J. B. (2004). The school-wide evaluation tool (SET): A research instrument for assessing school-wide positive behavior support. *Journal of Positive Behavior Interventions*, 6, 3–12. <https://doi.org/10.1177/10983007040060010201>
- Kothgassner, O. D., Goreis, A., Robinson, K., Huscsava, M. M., Schmahl, C. og Plener, P. L. (2021). Efficacy of dialectical behavior therapy for adolescent self-harm and suicidal ideation: a systematic review and meta-analysis. *Psychological Medicine*, 51(7), 1057-1067. <https://doi.org/10.1017/S0033291721001355>
- Lee, A. og Gage, N. A. (2020). Updating and expanding systematic reviews and meta-analyses on the effects of school-wide positive behavior interventions and supports. *Psychology in the Schools*, 57(5), 783–804. <https://doi.org/10.1002/pits.22336>
- Leifur Garðarsson, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir og Margrét Sigmarsdóttir, (2022). Af innleiðingu SMT-skólafærni í einu sveitarfélagi: Áskoranir en vel unnið verk. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2022.15>
- Lewis, T. J., Barrett, S., Sugai, G. og Horner, R. H. (2010). *Blueprint for school-wide positive behavior support training and professional development*. Eugene, OR: National Technical Assistance Center on Positive Behavior Interventions and Support. Sótt af www.pbis.org
- Linehan, M. M., Korslund, K. E., Harned, M. S., Gallop, R. J., Lungu, A., Neacsiu, A. D., McDavid, J., Comtois, K. A. og Murray-Gregory, A. M. (2015). Dialectical behavior therapy for high suicide risk in individuals with borderline personality disorder: a randomized clinical trial and component analysis. *JAMA Psychiatry*, 72(5), 475–482. <https://doi.org/10.1001/jamapsychiatry.2014.3039>
- Mahoney, J. L., Weissberg, R. P., Greenberg, M. T., Dusenbury, L., Jagers, R. J., Niemi, K., Schlinger, M., Schund, J., Shriver, T., VanAusdal, K. og Yoder, N. (2021). Systemic social and emotional learning: Promoting educational success for all preschool to high

school students. *American Psychologist*, 76, 1128–1142.

<http://dx.doi.org/10.1037/amp0000701>

Margrét Sigmarsdóttir. (2016). Foreldrafærni - Oregon-aðferðin: Bakgrunnur, innleiðing og áhrif á Íslandi. Í Andri S. Björnsson, Guðfinna Eydal og Katrín Kristjánsdóttir (ritstjórar), *Af sál* (bls. 133–148). Reykjavík: Háskólaútgáfan

Martinez, R. R., Marraccini, M. E., Knotek, S. E., Neshkes, R. A. og Vanderburg, J. (2022). Effects of dialectical behavioral therapy skills training for emotional problem solving for adolescents (DBT STEPS-A) program of rural ninth-grade students. *School Mental Health*, 14, 165–178. <https://doi.org/10.1007/s12310-021-09463-5>

Mazza, J. J., Dexter-Mazza, E. T., Miller, A. L., Rathus, J. H. og Murphy, H. E. (2016). *DBT skills in schools: Skills training for emotional problem solving for adolescents (DBT STEPS-A)*. New York: The Guilford Press.

McCart, A. B. og Choi, J. H. (2020). *State-wide social and emotional learning embedded within equity-based MTSS: Impact on student academic outcomes. Research brief*. SWIFT Education Center. <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED607500.pdf>

McCauley, E., Berk, M. S., Asarnow, J. R., Adrian, M., Cohen, J., Korslund, K., Avina, C., Hughes, J., Harned, M., Gallop, R. og Linehan, M. M. (2018). Efficacy of dialectical behavior therapy for adolescents at high risk for suicide: A randomized clinical trial. *JAMA Psychiatry*, 75(8), 777–785. <https://doi.org/10.1001/jamapsychiatry.2018.1109>

Niemi, K. (2020, December 15). CASEL is updating the most widely recognized definition of social-emotional learning: Here's why. *The 74*. <https://www.the74million.org/article/niemi-casel-is-updating-the-most-widely-recognized-definition-of-social-emotional-learning-heres-why/>

Ogden, T., & Sørli, M. A. (2024). Implementing and evaluating the School-Wide Positive Behaviour Support (SWPBS) model in Norwegian primary schools. *Emotional and Behavioural Difficulties*, 1-10. <https://doi.org/10.1080/13632752.2024.2417322>

Sigrún Daníelsdóttir, Bergljót Gyða Guðmundsdóttir, Guðmundur Skarphéðinsson, Íris Dögg H. Marteinsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Brynhildur Axelsdóttir. (2020). *Námsefni og heildarskólanálgun til að efla jákvæða hegðun og félags- og tilfinningafærni í íslenskum skólum*. Embætti landlæknis.

https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/2r69VSgOeB6ZeUFCLPqcZ2/4e5040dac1a13ecb11c38d4d2453c922/Namsefni_og_heildarskolanalgun_skyrsla_nov2020.pdf

- Sprague, J. R. og Golly, A. (2004). *Best behavior: Building positive behavior support in schools*. Sopris West Educational Services.
- Sprick, R. S., Garrison, M. og Howard, L. (1998). *CHAMPs: A proactive and positive approach to classroom management*. Sopris West.
- Solmi, M., Radua, J., Olivola, M., Croce, E., Soardo, L., Salazar de Pablo, G., Il Shin, J., Kirkbride, J. B., Jones, P., Kim, J. H., Kim, J. Y., Carvalho, A. F., Seeman, M. V., Correll, C. U. og Fusar-Poli, P. (2022). Age at onset of mental disorders worldwide: large-scale meta-analysis of 192 epidemiological studies. *Molecular Psychiatry*, 27(1), 281–295. <https://doi.org/10.1038/s41380-021-01161-7>
- Sugai, G., Lewis-Palmer, T., Todd, A. og Horner, R. H. (2001). *School-wide evaluation tool*. Eugene: University of Oregon.
- Sørli, M.-A. og Ogden, T. (2015). School-Wide Positive Behavior Support-Norway: Impacts on problem behavior and classroom climate. *International Journal of School & Educational Psychology*, 3(3), 1–16. <https://doi.org/10.1080/21683603.2015.1060912>
- Taylor, R., Oberle, E., Durlak, J. A. og Weissberg, R. P. (2017). Promoting positive youth development through school-based social and emotional learning interventions: A meta-analysis of follow-up effects. *Child Development*, 88, 1156–1171. <https://doi.org/10.1111/cdev.12864>
- Vetter, J. B., Fuxman, S. og Dong, Y. E. (2024). A statewide multi-tiered system of support (MTSS) approach to social and emotional learning (SEL) and mental health. *Social and Emotional Learning: Research, Practice, and Policy*, 3, 100046. <https://doi.org/10.1016/j.sel.2024.100046>
- Weiner, B. J., Lewis, C. C., Stanick, C., Powell, B. J., Dorsey, C. N., Clary, A. S., Boynton, M. H. og Halko, H. (2017). Psychometric assessment of three newly developed implementation outcome measures. *Implementation Science*, 12(1), 108. <https://doi.org/10.1186/s13012-017-0635-3>
- World Health Organization. (2021). *Comprehensive mental health action plan 2013–2030*. Geneva: World Health Organization. <https://www.who.int/publications/i/item/9789240031029>

Zhang, Y., Cook, C. R. og Smith, B. (2023). PurposeFull People SEL and character education program: A cluster randomized trial in schools implementing tier 1 PBIS with fidelity. *School Mental Health*, 15, 985–1002. <https://doi.org/10.1007/s12310-023-09600-2>

Gagnlegar upplýsingar í dag:

Staðsetning PMTO miðstöðvar yfir 25 ára tímabil hefur verið þessi:

- Hafnarfjarðarbær 2000 – 2013.
- Barnaverndarstofa ríkisins 2013 – 2021.
- Barna- og fjölskyldustofa 2021 – 2023 (miðstöð fyrir sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar).
- Reykjavíkurborg 2020 – 2023 (miðstöð fyrir Reykjavíkurborg).
- Reykjavíkurborg 2024 – ársloka 2025 (miðstöð fyrir öll sveitarfélög landsins).

Ýmsar fjöldatölur varðandi umfang og þjónustu:

- Fjöldi sveitarfélaga með PMTO þjónustu eru 10 talsins.
- Um 600 foreldrar njóta þjónustu árlega (um 400 heimili).
- Um 90 aðilar hafa lokið PMTO meðferðarmenntun og munu 17 aðilar ljúka meðferðarmenntun við Endurmenntun HÍ haustið 2026.
- Um 850 fagaðilar leik- og grunnskóla hafa lokið PMTO grunnmenntun.
- Fjöldi grunn- og leikskóla sem vinna skv. heildstæðu kerfi SMT-skólafærni/PBS¹: 20 grunnskólar og 15 leikskólar.

Helstu verkþættir miðstöðvar:

- Þjálfun fagfólks.
- Handleiðsla fagfólks.
- Gæðamat.
- Stuðningur við sveitarfélög.
- Samstarf við sérfræðinga við Háskóla Íslands vegna rannsókna á þróun úrræðisins.
- Efnisgerð.
- Stuðningur við skólaverkefnið SMT-skólafærni/PBS.
- Samstarf við móðurstöð í Oregon (ISII²) og faghóp PMTO í Evrópu.

¹ School Management Training/Positive Behavioral Interventions and Supports

² Implementation Sciences International, Inc.

Sveitarfélög standa saman að miðstöð og samstarf við rannsóknastofu á Menntavísindasviði HÍ

Sveitarfélögin hafa mörg áratuga reynslu af innleiðingu PMTO og mikilvæg ferli og tengingar eru þegar til staðar varðandi samvinnu við háskólann og kerfi innan sveitarfélaga. Þættir sem snúa að innleiðingu PMTO þjónustu og aðlagðri þjónustu til sveitarfélaga myndu falla undir sameiginlega miðstöð sveitarfélaganna, auk þess sem stýrihópur yrði settur á stofn. Þróunarverkefni og rannsóknir á nýjungum yrðu í samvinnu við rannsóknastofu á vegum Háskóla Íslands og yrði samstarfið háð skýrum ferlum. Bein framkvæmd þjónustu til foreldra og skóla færi fram í sveitarfélögum.

Miðstöðin verði hýst í nokkrum sveitarfélögum eða einu: Í því samhengi verður horft sérstaklega til stærstu sveitarfélaganna og þeirra sem hafa lengstu sögu innleiðingar PMTO úrræðisins; Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarbæjar og Reykjavíkurborgar.

Styrkleikar (S)	Veikleikar (V)
• Nálægð við þjónustuþega og vísindaheiminn. • Nálægð og tengsl við skóla-/velferðarþjónustu. • Ákveðin reynsla til staðar varðandi skiptingu verkþátta milli sveitarféлага. • Nálægð við aðra þjónustu sem vinnur að farsæld barna. • Nálægð við rannsakendur á sambærilegu sviði. • Uppfyllir viðmið um innleiðingu á gagnreynndum aðferðum. • Lágur þröskuldur að stjórnendum sveitarféлага. • Eykur þekkingu sveitarféлага á mikilvægi vísindalegra nálgana þegar kemur að innleiðingu á gagnreynndum úrræðum.	• Flókið í framkvæmd og samstilling margra þátta. • Ekki mikil hefð fyrir samvinnu af þessum toga. • Minni tengsl við ríkisstofnanir sem sinna innleiðingu úrræða fyrir börn og fjölskyldur og vissar hindranir þegar kemur t.d. að þróun fjarþjónustu. • Minni áhrif á þróun stefnumótunar innan málaflokksins í landinu. • Spurning hvaða sveitarfélag/sveitarfélög hýsi miðstöðina. • Rannsóknastofa bara tengd Menntavísindasviði, ekki Heilbrigðis- og Félagsvísindasviði.
Tækifæri (T)	Ógnanir (Ó)
• Aukið sjálfstæði sveitarféлага að innleiðingu gagnreynndra aðferða. • Aukin nálægð milli miðstöðvar, PMTO meðferðaraðila, starfsmanna sveitarféлага og fjölskyldna. • Vegna nálægðar miðstöðvar við þjónustunotendur, getur mögulega aukist aðgengi að þátttakendum.	• Hætta á að jafnræðis sé ekki gætt að fullu milli sveitarféлага. • Stöðugleika stefnt í hættu vegna tíðra breytinga á skipulagi og öðrum þáttum innan sveitarféлага. • Hætta á að ríkið hætti almennum og fjárhagslegum stuðningi til PMTO miðstöðvar.

SMT/PBS: Tölulegar upplýsingar 2025

		Innleiðing hófst	Fjöldi PMTO grunnmenntunarfólks	Virk lausnateymi	Stjórnendur sitja í SMT/PBS teymi	Tók þátt í SEL verkefninu
Gunnskólar	Staðsetning					
Áslandsskóli	Hafnarfirði	2007	15	Verið að endurvekja	já	nei
Hraunvallaskóli	Hafnarfirði	2009	14	Já	nei	já
Hvaleyrarskóli	Hafnarfirði	2009	7	Verið að endurvekja	já	nei
Lækjarskóli	Hafnarfirði	2006	9	Já	já	nei
Setbergsskóli	Hafnarfirði	2009	9	já	já	já
Skarðshlíðarskóli	Hafnarfirði	2018	9	já	nei	já
Víðistaðaskóli	Hafnarfirði	2006	22	Já	já	nei
Öldutúnsskóli	Hafnarfirði	2008	9	Já	nei	nei
Lundaskóli	Akureyri	2009	15	Já	-	já
Oddeyrarskóli	Akureyri	2008		Já	-	já
Síðuskóli	Akureyri	2006	mjög margir	Já	já	já
Myllubakkaskóli	Reykjanesbær	2009	0	nei	er ekki teymi	nei
Njarðvíkurskóli	Reykjanesbær	2009	1	nei	já	já
Holtaskóli	Reykjanesbær	2009	0	nei	já	nei
Háleitisskóli	Reykjanesbær	2009	0	nei	já	já
Laugarnesskóli	Reykjavík	2009	nokkrir	nei	já	nei
Leikskólar						
Álfaberg	Hafnarfirði	2008	8	já	já	
Álfasteinn	Hafnarfirði	2008	14	já	já	
Bjarkalundur	Hafnarfirði	2019	10	já	já	
Hraunvallaleikskóli	Hafnarfirði	2009	6	já	já	
Smáralundur	Hafnarfirði	2009	12	já	já	
Vesturkot	Hafnarfirði	2009	9	já	já	
Hulduheimar Sel	Akureyri	2009	11	já	já	
Kiðagil	Akureyri	2006	8	já	já	
Klappir	Akureyri	2007	-	já	já	
Lundarsel	Akureyri	2007	9	Já	já	